**MARÍA ÍSFOLD STEINUNNARDÓTTIR**

*Fyrrum kúreki með óvenjuleg áhugamál*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**VIGNIR RAFN VALÞÓRSSON**

*Snæfríður Íslandssól í heimsókn í Grease*

Sporvagninn Grease er blanda tveggja verka

**FÓLK 22**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. ágúst 2009 — 182. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

**Kennari í Kína**



Arnar Ágústsson kenndi kínverskum hermönnum ensku.

**FÓLK 22**

**Tjáning og tilfinningar**

„Algengast er að fólk lýsi góðri líðan, upplifun og hrifningu með orðum sem upprunalega merkja vanlíðan og ógleði," skrifar Jónína Michaelsdóttir.

**Í DAG 12**

**Enginn svikinn um fjör**



Durak Hakan stendur á bak við fyrstu swingdanshátíðina á Íslandi sem hefst formlega í dag.

**TÍMAMÓT 14**

**Björgvin vann Einvígið**



Björgvin Sigurbergsson var í stuði á góðgerðarmóti Nesklúbbsins.

**ÍÞRÓTTIR 17**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING SYÐRA** Í dag verða austan 5-15 m/s, hvassast sunnanlands. Fer að rigna upp úr hádegi sunnan- og suðaustanlands en yfirleitt þurrt og nokkuð bjart N-til fram á kvöld. Hiti víða 12-20 stig.

**VEÐUR 4**

# Stjórnvöld ræða breytingar á lögum um bankaleynd

**Vilji er meðal stjórnarliða um að breyta lögum um bankaleynd. Fjölmiðlar eiga að geta fjallað um brýn hagsmunamál almennings. Skilanefnd Kaupþings segist gæta hagsmuna þeirra sem ekki tengjast hruninu.**

**VIÐSKIPTI** Björgvin G. Sigurðsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir nauðsynlegt að endurskoða lög um bankaleynd. „Ekki þó að öllu leyti," tekur hann fram, „en þó þannig að fjölmiðlar geti fjallað um brýn málefni sem varða hagsmuni almennings án þess að vera að brjóta lög. Þegar svo stendur á tel ég að hagsmunir almennings eigi að ganga framar bankaleyndinni."

Björgvin telur að meðal þingmanna Samfylkingarinnar og stjórnarliða almennt sé vilji til þess að þessi lög verði tekin til endurskoðunar mjög fljótlega.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að málið hafi reyndar ekki verið rætt sérstaklega innan stjórnarinnar, en það verði þó væntanlega gert á fundi hennar í dag. Hann segist þó ekki sjá neina ástæðu til að halda upplýsingum sem tengjast hruninu og aðdraganda þess leyndum, og það sé líklega almenn skoðun meðal þingmanna Vinstri grænna. Hins vegar verði að aðskilja þau mál alveg frá þeirri almennu reglu um bankaviðskipti frá degi til dags, að þar verði persónuvernd að vera í hávegum höfð.

Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings, segir nefndina eingöngu hafa verið að gæta hagsmuna þeirra viðskiptavina sinna, sem á engan hátt tengist bankahruninu í haust.

Hann segir skilanefndina ekki hafa neina ástæðu til að fetta fingur út í umfjöllun fjölmiðla um þau fyrirtæki, sem beint eru tengd hruninu.

„Allir fjölmiðlar hafa hvort eð er fjallað um þetta fram og til baka án þess að nefndin hafi gert neinar athugasemdir þá átta mánuði sem liðnir eru. Við erum líka sjálf búin að koma upplýsingum til fjármálaeftirlitsins og til rannsóknarnefndar þingsins og þar liggur þetta allt fyrir."

Steinar Þór bendir á að bankaleynd hefur þegar verið aflétt að hluta með lögum um rannsóknarnefnd þingsins, sem hefur mjög víðtækar heimildir til að afla sér upplýsinga og birta þær að lokum, telji hún ástæðu til.

- gb / sjá síðu 4




**TVEGGJA MÁNAÐA FERÐALAG Á ENDA** Gísli H. Friðgeirsson varð í gær fyrsti Íslendingurinn sem fer hringinn kringum landið á kajak. Tekið var á móti Gísla við komuna við Geldinganes um kvöldmatarleytið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gísli H. Friðgeirsson fyrstur Íslendinga til að fara hringinn á kajak:

# Reri í fylgd hvala og sjófugla

**FÓLK** Kajakræðarinn Gísli H. Friðgeirsson lauk kajakhringferð sinni í gær en hann er fyrsti Íslendingurinn sem rær kajak hringinn í kringum landið. Ferðin hófst 1. júní og kom Gísli í land við Geldinganes síðdegis í gær.

Gísli er að vonum ánægður og segir hreint ævintýri að róa í kringum landið. „Þetta var bæði krefjandi og spennandi en ég fékk tækifæri til að kynnast landinu frá sjónarhorni þeirra sem reru til fiskjar á árum áður. Ég er afskaplega sáttur og finnst áfanginn gefa lífinu gildi."

Gísli kveðst ekki hafa lent í miklum háska en að minni háttar erfiðleikar hafi þó gert vart við sig. Hann segir hluta af því að komast klakklaust í gegnum svona ferðalag vera að hætta sér ekki út í vont veður heldur að bíða það af sér á áningarstað.

Á ferðalaginu hafði Gísli félagsskap nokkurra dýrategunda sem að hans sögn stafaði ekki nokkur hætta af. „Hvalirnir fylgdust með mér úr hæfilegri fjarlægð og héldu sig frekar fyrir aftan mig en framan en auk þess fylgdu mér bæði selir og sjófuglar."

- ve

Rannsóknir á mígreni:

# Vekja athygli erlendra rita

**HEILBRIGÐISMÁL** **Rannsóknir Hjartaverndar á sambandi mígrenis og vefjabreytinga í litla heila vekja athygli erlendis. Fjallað hefur verið um niðurstöðurnar í virtu bandarísku læknatímariti og á erlendum heilsuvefjum.**

**Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að konur á miðjum aldri með mígreni eru líklegri til að hafa vefjabreytingar í litla heila. „Við vitum ekki enn hvaða áhrif þessar vefjabreytingar hafa á vitræna getu og hæfni einstaklinga en erum að rannsaka það núna," segir Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar.**



VILMUNDUR GUÐNASON

- mmf / sjá Allt




PAPPÍRSLAUS VIÐSKIPTI FRÁ 1. ÁGÚST 2009 SPARNAÐUR Í ÞÍNA ÞÁGU

**Pappírslaus viðskipti hjá Byr**

**Viðskiptavinir geta sparað sér þúsundir króna á ári!**

Frá og með mánaðarmótum júlí/ágúst hættir Byr sparisjóður að senda út með pósti **yfirlit reikninga og kreditkorta ásamt greiðsluseðlum lána og kreditkorta.** Viðskiptavinir eiga kost á að **spara sér þúsundir króna á ári** með því að nálgast yfirlitin í heimabankanum. Nánari upplýsingar á **www.byr.is**

BYR SPARISJÓÐUR



## SPURNING DAGSINS



*Jón, er ekki gott að vera laus við Georg?*

„Það er alltaf gott að losna við Georg.“

Tökum á kvikmyndinni Bjarnfreðarson lauk nú um helgina. Jón Gnarr fer þar með hlutverk hins skapilla og stjórnsama Georgs Bjarnfreðarsonar. Jón hefur áður brugðið sér í gervi Georgs við tökur á Næturvaktinni, Dagvaktinni og Fangavaktinni.

Tveir menn um tvítugt ruddust inn í 11-11-verslun í Skipholti:

# Ógnuðu starfsfólki með hnífi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn um tvítugt frömdu vopnað rán í verslun 11-11 í Skipholti rétt fyrir hádegi í gær. Þeir voru enn ófundnir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Mennirnir ógnuðu tveimur ungum starfsmönnum verslunarinnar með hníf og höfðu einhver verðmæti á brott með sér. Ekki er vitað hversu mikil verðmætin voru. Starfsmennina sakaði ekki en þeim var að vonum brugðið. Öryggismyndavélar eru í versluninni og voru þær skoðaðar í gær til að varpa ljósi á ránið.

Mennirnir komust undan í bláum smábíl, sem er líklega dældaður á hægri hlið. Við gatnamót Skipholts og Háteigsvegs var bílnum ekið í veg fyrir vínrauðan fólksbíl.

Lögregla biður ökumann bílsins, og önnur möguleg vitni að ráninu og flóttanum, að hafa samband í síma 444-1104. **- þeb**



**RÁN UM MIÐJAN DAG** Tveir menn ógnuðu starfsmönnum 11-11 með hníf og rændu verslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Innbrot á höfuðborgarsvæði:

## Tugir innbrota um helgina

**LÖGREGLA** Snemma kvölds í gær hafði lögreglan í Reykjavík haft fréttir af 31 innbroti í heimahús, fyrirtæki og sumarhús á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Reikna má með að sú tala hafi hækkað nokkuð í gærkvöld og nótt.

Tjónið er mismunandi mikið, sums staðar létu þjófarnir sér nægja að gramsa aðeins en í öðrum tilvikum var stolið tölvum, heimilistækjum og skartgripum.

Töluvert var einnig af innbrotum í bíla, og að sögn lögreglunnar virðist sem slíkum innbrotum hafi farið fjölgandi að undanförnu. **- gb**



**GÓRILLA** Nýja afbrigðið er skylt afbrigði í górillum. NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt afbrigði HIV-veirunnar:

## Hefur enn ekki valdið alnæmi

**FRAKKLAND, AP Nýtt afbrigði HIV-veirunnar, sem veldur alnæmi, hefur fundist í rúmlega sextugri konu, sem hafði búið lengi í Kamerún.**

**Þetta afbrigði virðist náskylt afbrigði veirunnar, sem nýverið fannst í górillum, en er verulega frábrugðið þeim þremur afbrigðum veirunnar, sem til þessa hafa borist í menn. Þau þrjú afbrigði eru skyld veiru, sem herjað hefur á simpansa.**

**Konan er 62 ára og flutti til Parísar árið 2004. Stuttu síðar greindist veiran í líkama hennar, en konan hefur ekki veikst af alnæmi og ekki þurft neina meðferð gegn veirunni.** **- gb**

Óhapp í Biskupstungum:

## Hundur varð fyrir vélhjóli

**LÖGREGLA** Það óhapp varð um þrjúleytið í gær að hundur varð fyrir vélhjóli á Laugarvatnsvegi skammt frá Miðhúsum.

Hundurinn beið bana en ökumaður vélhjólsins, sem er á þrítugsaldri, þurfti að leita til læknis á Laugarási. Meiðsli hans eru ekki alvarleg, en mótorhjólið varð óökufært.

Aö sögn lögreglu er enginn grunur um að ökumaðurinn hafi verið ölvaður eða að öðru leyti í annarlegu ástandi. **- gb**

# Erlendir kröfuhafar ósáttir við FME

**Brottvikning Fjármálaeftirlitsins á tveimur starfsmönnum skilanefndar Landsbankans hefur sett samninga við erlenda kröfuhafa í uppnám. Kröfuhafar stóðu upp frá samningaborðum á föstudag og líklegt er að samningum seinki.**

**FJÁRMÁL** Samningar við erlenda kröfuhafa í Landsbankanum komust í uppnám á ögurstundu fyrir helgina þegar tveimur starfsmönnum skilanefndar bankans var vikið frá störfum.

Þeir Ársæll Hafsteinsson og Sigurjón Geirsson höfðu setið í skilanefnd bankans þar til á föstudag, þegar þeim var greint frá því í bréfi að ekki væru lengur þörf fyrir þá í nefndinni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fóru erlendir kröfuhafar frá borðum við fréttirnar af þessu og hefur ekki verið fundað síðan. Kröfuhafarnir voru mjög óánægðir og höfðu á orði að athæfið væri glæpsamlegt, auk þess sem þeir hótuðu lögsóknum. Ársæll var áður yfir lögfræðisviði bankans og Sigurjón var yfir innri endurskoðun.

Samkvæmt heimildum blaðsins er nær öruggt að það muni tefjast talsvert að ná samningum, en þó sé líklegt að hægt sé að finna lausn á málinu. Það hafi þó einnig sett strik í reikninginn að skilanefndin sé nýlega búin að missa formann sinn og brottvikning þeirra Ársæls og Sigurjóns nú hafi minnkað traust kröfuhafanna til nefndarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vildi lítið tjá sig um málið í gær. Hann sagði Fjármálaeftirlitið örugglega hafa sínar ástæður og rök fyrir ákvörðuninni, „en það er spurning hvort þessi tímasetning hefði getað verið önnur“. Hann segir að enn sé gert ráð fyrir því að uppgjörum bankanna ljúki á réttum tíma, en þeim á að vera lokið fyrir 14. ágúst.



**LANDSBANKINN** Erlendir kröfuhafar voru mjög ósáttir þegar þeir fengu fregnir af því að tveimur starfsmönnum skilanefndar bankans hefði verið gert að hætta. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Skilanefndir bankanna starfa fyrir kröfuhafana en ekki ríkið. Þær eiga að vera sjálfstæðar og Fjármálaeftirlitið á því ekki að skipta sér af málefnum þeirra. Þar sem nefndirnar eru sjálfstæðar ráða þær því sjálfar hverjir eru í samninganefnd fyrir þeirra hönd. Þeir Ársæll og Sigurjón gætu því starfað áfram kjósi þeir svo.

Tveimur öðrum starfsmönnum í skilanefndum var vikið frá með sama hætti fyrir helgina. Það voru þeir Guðni Níels Aðalsteinsson, sem var yfir fjárstýringu hjá Kaupþingi, og Kristján Óskarsson, sem var yfir viðskiptasviði Glitnis.

**thorunn@frettabladid.is**

Jarðskjálfti við Mexíkó:

## Mikil skelfing greip um sig

**MEXÍKÓ** Jarðskjálfti sem mældist 6,9 stig á Richter reið yfir strönd Mexíkós síðdegis í gær. Upptök skjálftans voru, samkvæmt jarðskjálftamiðstöð Bandaríkjanna, 122 kílómetra norðnorðaustur af Snata Isabel í Baja í Kaliforníu og 533 kílómetra suðaustur af Tijuana.

Ekki er talið að skjálftinn hafi valdið nokkrum slysum á fólki eða tjóni á landi en mikil skelfing greip um sig á meðal fólks og gekk jörðin í bylgjum.

Ekki er talin hætta á flóðbylgjum í kjölfar skjálftans. **- ve**

Þjóðarpúls Gallup:

## Dregur úr fylgi stjórnarinnar

**STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin nýtur stuðnings 48 prósenta þjóðarinnar, samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup í júlí. Stuðningurinn við ríkisstjórnina hefur dregist saman um eitt prósentustig frá því í júní.Þetta kemur fram á vef Ríkissjónvarpsins. Stuðningur við ríkisstjórnarflokkanna mældist hins vegar minni, eða 44 prósent í mánuðnum.**

**Rúm 38 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn í borginni ef kosið væru nú. Réttur þriðjungur borgarbúa segist ánægður með störf meirihluta borgarstjórnarinnar í Reykjavíkur.** **- bþa**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Klifruðu í Hallgrímskirkju

Meðlimir úr Saving Iceland klifruðu upp vinnupalla við Hallgrímskirkju snemma í gærmorgun. Þar hengdu þau upp stóra borða þar sem stóð: Dear Iceland, fuck you, yours truly aluminum. Lögregla kom á staðinn og tók borðana niður. Enginn var handtekinn.






Lögreglan hefur fengið sex tilkynningar um nauðganir og tilraunir til nauðgana:

# Tveir handteknir vegna nauðgana

**LÖGREGLUMÁL** Ein nauðgun og ein tilraun til nauðgunar eru til rannsóknar hjá lögreglunni á Selfossi eftir helgina. Þá var ein nauðgun tilkynnt til lögreglunnar í Vestmannaeyjum á laugardag, og tvær tilraunir til nauðgana komu á borð lögreglu í gærmorgun. Ekkert þeirra mála hafði þó verið kært til lögreglunnar í gærkvöldi.

Rúmlega tvítug stúlka leitaði til lögreglu í Vestmannaeyjum á laugardagsmorgun vegna nauðgunar. Hún var flutt á neyðarmóttöku nauðgana í kjölfarið. Lögregla rannsakar málið.

Þá kærði fimmtán ára gömul stúlka nauðgun til lögreglunnar á Selfossi á laugardag. Meint nauðgun var í Úthlíð í Biskupstungum og var hinn grunaði handtekinn og yfirheyrður en honum sleppt að því loknu.

Stúlka undir tvítugu kærði einnig nauðgun til lögreglunnar á Hvolsvelli á sunnudag, en meint nauðgun átti sér stað á Kirkjubæjarklaustri á sunnudagsmorgun. Karlmaður undir tvítugu var handtekinn vegna málsins.

Ekki hefur verið tilkynnt um nauðganir á öðrum fjölmennum samkomum um helgina. **- þeb**



**VESTMANNAEYJAR** Tilkynnt hafði verið um eina nauðgun og tvær tilraunir til nauðgunar í Vestmannaeyjum í gær. Ekkert brotanna hafði verið kært. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Toppaðu með Nova!

0 kr. Nova í Nova þýðir nákvæmlega það! Fáðu þér nýjan síma hjá Nova og njóttu þess að geta hringt fyrir 0 kr. í vini þína og ættingja eða bara alla sem þú þekkir eða þekkir ekki hjá Nova.

0 kr. Nova í Nova – einnig fyrir myndsímtöl!

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir símatilboðum Nova.
Gildir í áskrift og frelsi.



0 kr. útborgun
Samsung L700
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.

útborgun 5.900 kr.
Nokia 5320 XpressMusic
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 29.900 kr.

3.900 kr. útborgun
Samsung U800
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 27.900 kr.

útborgun 0 kr.
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## GENGIÐ 31.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,75 | 128,35 |
| Sterlingspund | 211,41 | 212,43 |
| Evra | 180,31 | 181,31 |
| Dönsk króna | 24,212 | 24,354 |
| Norsk króna | 20,617 | 20,739 |
| Sænsk króna | 17,416 | 17,518 |
| Japanskt jen | 1,3354 | 1,3432 |
| SDR | 198,25 | 199,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,7495

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sameiginleg ályktun blaðamanna og fréttamanna:

# Lögbanni á RÚV mótmælt

**VIÐSKIPTI** Blaðamannafélag Íslands og Félag fréttamanna á Ríkisútvarpinu mótmæla í sameiginlegri ályktun lögbanni á fréttir Ríkisútvarpsins sem byggja á gögnum frá lánanefnd Kaupþings í aðdraganda efnahagshrunsins.

„Lögbannið er fráleitt, gengur gegn hagsmunum almennings og hefur þann eina tilgang að þagga niður fréttaflutning um hrunið, aðdraganda þess og eftir atvikum ábyrgðarmenn,“ segir í ályktuninni.

„Félagið telur að ef lögbannið verður staðfest af dómstólum þurfi Alþingi að breyta lögum um bankaleynd tafarlaust til að tryggja eðlilega og lýðræðislega umræðu.“

Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings, segir hins vegar viðbrögð við lögbannskröfunni hafa komið nefndinni á óvart. Ástæða þess að nefndin fór fram á lögbann á fréttaflutning Ríkisútvarpsins hafi eingöngu verið sú, að fréttastofan hafi á föstudag boðað frekari fréttaflutning upp úr gögnunum sem birt hafa verið á Wikileaks.org.

Ótti hafi þá vaknað hjá almennum viðskiptavinum bankans, meðal annars bankanum FIH í Danmörku, um að upplýsingar úr skjalinu um þeirra viðskipti yrði umfjöllunarefni fjölmiðla. - gb



**STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON** Segir skilanefnd Kaupþings undrandi á viðbrögðum við lögbanni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bólivíustjórn sinnir dýravernd:

# Bannar notkun dýra í sirkusum

**BÓLIVÍA, AP** Samkvæmt nýjum lögum í Bólivíu er bannað að nota dýr í fjölleikahúsum. Í nokkrum öðrum löndum er bannað að nota villt dýr í fjölleikahúsum, en bannið í Bólivíu nær til allra dýra.

Í lögunum, sem tóku gildi 1. júlí, segir að notkun dýra í fjölleikahúsum sé grimmdarverk og þar af leiðandi óleyfileg.

Um fimmtíu dýr eru nú í notkun fjölleikahúsa í Bólivíu, en eigendur þeirra hafa árs frest til að verða við kröfu laganna.

Sektir liggja við brotum og stjórnvöldum er heimilt að gera dýr upptæk. - gb

Farþegaþota Continental:

# Farþegar slösuðust í ókyrrð

**BANDARÍKIN Tuttugu og sex farþegar slösuðust þegar þota frá bandaríska flugfélaginu Continental Airlines lenti í mikilli ókyrrð á leið sinni frá Rio De Janeiro í Brasilíu til Houston í Texas í gær.**

**Þotunni var nauðlent á alþjóðaflugvellinum í Miami og voru fjórtán færðir á sjúkrahús, þar af fjórir með alvarleg bak- og höfuðmeiðsli. Að sögn farþega tók vélin skyndilega dýfu með þeim afleiðingum að þeir hentust upp í loft.**

**Um borð í vélinni voru 179 manns, þar af ellefu manna áhöfn.** - ve



**STAÐFESTINGIN AFHENT** Ahmadinejad tekur við skjalinu úr hendi Khameinis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningaúrslit staðfest:

# Engin faðmlög í þetta skiptið

**ÍRAN, AP** Ali Khameini, æðsti leiðtogi Írans, afhenti í gær Mahmoud Ahmadinejad opinbera skjalfestingu þess að hann hafi sigrað í forsetakosningunum í júní.

Stemmningin var þó býsna ólík því þegar Ahmadinejad tók við sambærilegu skjali fyrir fjórum árum, þegar hann vann glæsilegan sigur í forsetakosningum. Þá föðmuðust leiðtogarnir og kysstust, en í þetta sinn vék Khameini sér kurteislega undan þegar Ahmadinejad hugðist kyssa á hönd hans. Úrslit kosninganna í júní hafa verið umdeild og stjórnarandstaðan sakað valdhafa um svindl. - gb

# Kaupþing lánaði milljarða króna til hluthafa án veða

**Kaupþing lánaði háar fjárhæðir til hluthafa til hlutabréfakaupa. Fimm stærstu lántakar bankans fengu um 950 milljarða króna í lán. Félög tengd Existu fengu mest eða um 330 milljarða króna að láni.**

**EFNAHAGSMÁL** Samkvæmt lánayfirliti Kaupþings frá 25. september á síðasta ári, eða skömmu fyrir bankahrunið, þá námu lán til fimm stærstu lánadrottna Kaupþings alls 5.270 milljónum evra sem samsvarar 948 milljörðum króna á núverandi gengi. Lánayfirlitinu var lekið á vefsíðuna wikileaks.org undir lok síðustu viku.

Stærsti lántaki hjá Kaupþingi var Exista og tengd félög. Alls námu lán til Existu og tengdra félaga um 1.837 milljónum evra sem samsvarar um 331 milljarði króna á núverandi gengi. Innifalið í fyrrgreindri fjárhæð er 791 milljón evra lán til Existu hf. þar sem einungis 100 milljónir voru tryggðar með veði. Því voru lánaðar um 690 milljónir evra til félagsins án nokkurra veða.

Jafnframt lánaði Kaupþing 252,5 milljónir evra til félagsins Bakkabræður Holding sem er eignarhaldsfélag um hlut bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssonar í Existu. Meðal fyrirtækja sem eru í eigu Existu og Bræðranna Lýðs og Ágústs Guðmundssona eru Skipti og Bakkavör auk þess sem félagið átti hlut í Kaupþingi.

Næststærsti einstaki lántaki bankans er Robert Tchenguiz en lán til hans námu alls 1.374 milljónum evra. Í lánayfirlitinu kemur fram að veð fyrir lánum Tchenguiz er meðal annars bréf í Sommerfield og eignarhaldsfélagi hans Oscatello.

Sá þriðji á listanum er Skúli Þorvaldsson sem hefur gjarnan verið kenndur við Hótel Holt. Skúli var jafnframt stærsti lántaki í Kaupþingi Lúxemborg. Lán til Skúla námu alls 790,3 milljónum evra. Hluti af því láni, 138,6 milljónir, var lánað til kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi og Existu og var tryggt með veði í hlutabréfunum. Hlutabréfin eru verðlaus í dag. Þar að auki skorti veð fyrir um 170 milljónum evra af láni hans.

Lán til Kjalar og annarra félaga tengdum Ólafi Ólafssyni námu um 636 milljónum evra. Meðal félaga sem Ólafur á hlut í eru Samskip, HB Grandi, Iceland Seafood International og Alfesca.

Alls námu lán til Gaums og tengdra félaga 632 milljónum evra. Gaumur er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu. Meðal eigna Gaums þegar lánayfirlitið var kynnt voru Hagar og Baugur. Baugur var tekinn til gjaldþrotaskipta fyrr á árinu.

Þar að auki var Mosaic Fashions lánað um 522 milljónir evra en félagið var að hluta í eigu Baugs. Mosaic Fashion var tekið til gjaldþrotaskipta nú í vor.

Önnur félög sem tengjast Baugi og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni fengu auk þess umtalsverð lán. Þar má nefna fasteignafélagið Landic Property og Stoðir (áður FL Group) sem fengu hvort um sig ríflega 300 milljóna evra lán.

Því námu lán til félaga sem voru á einhverjum tímapunkti í eigu Jóns Ásgeirs og félaga tengdum Gaumi um 1.800 milljónum evra. bta@frettabladid.is



### STÆRSTU LÁNTAKAR KAUPÞINGS

| | Millj. evra | Millj. króna |
|---|---|---|
| Exista og félög tengd Ágústi og Lýð Guðmundssyni | 1.838 | 330.750 |
| Robert Tcgenguiz | 1.374 | 247.320 |
| Skúli Þorvaldsson *gjarnan kenndur við Hótel Holt* | 790 | 142.254 |
| Lán til Kjalar og félaga tengd Ólafi Ólafssyni | 636 | 114.480 |
| Gaumur og félög tengd Jóni Ásgeiri | 633 | 113.868 |
| Mosaic Fashions Ltd *var í eigu Baugs* | 522 | 93.960 |
| Kevin Stanford *fjórði stærsti hluthafi í Kaupþingi* | 519 | 93.438 |
| Antonios Yerlemou *viðskiptafélagi Bakkabræðra* | 365 | 65.700 |

### LÁNUÐU TIL HLUTABRÉFAKAUPA

Samkvæmt lánayfirlitinu fengu fjölmörg félög lán hjá Kaupþingi gegn veðum hlutabréfum Kaupþings og Exista.

Meðal þeirra félaga eru Gift fjárfestingafélag sem fékk 168,8 milljón evra lán með veð í hlutabréfum í Kaupþingi. Kaupfélag Skagfirðinga fékk jafnframt lán gegn veði í hlutabréfum. Lánið til félagsins nam 26 milljónum evra sem var að stórum hluta tryggt með veði í hlutabréfum í Kaupþingi.

Lán til Kevins Stanford, sem var fjórði stærsti hluthafi bankans, námu 375 milljónum evra og var rúmlega helmingur þeirrar fjárhæðar tryggður með veðum í hlutabréfum bankans. Kevin Stanford var næststærsti lántaki hjá Kaupþingi í Lúxemborg. Skúli Þorvaldsson, sem var stærsti lántaki Kaupþings í Lúxemborg, fékk 138 milljón evra lán með veði í hlutabréfum bankans. Þar að auki skorti veð fyrir um 170 milljónum evra af öðru láni til Skúla.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**VÆTUSAMT OG HVASST SYÐRA**

Veðurblíðunni sunnanlands lýkur því miður í dag en víðáttumikil lægð suður af landi veldur því að það hvessir heldur og fer að rigna núna upp úr hádegi. Norðurlandið sleppur við mestu vætuna í dag en á morgun verður væta í öllum landshlutum.




**Á MORGUN** 5-10 m/s.

**FIMMTUDAGUR** 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 22° |
| Eindhoven | 24° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 32° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 17° |
| París | 26° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

TAKMARKAÐ UPPLAG • Aðeins selt í 12 daga*

* skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsíminn er **512 7575** | heimur

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú lagt fé í viðbótarlífeyrissparnað?*

| | |
|---|---|
| Já | 70,7% |
| Nei | 29,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú kynnt þér efni á síðunni wikileaks.org?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Frumbyggjaþjóðir í Bólivíu fá ótvíræðan rétt til sjálfstjórnar:

# Sögulegur áfangi fyrir frumbyggja

**BÓLIVÍA** Indíánar í Bólivíu fengu með nýrri stjórnarskrá í febrúar veruleg réttindi til að stjórna eigin málefnum sjálfir. Í desember, þegar forseta- og þingkosningar verða haldnar, kjósa frumbyggjarnir jafnframt um sjálfstæðismálið, hver í sínu héraði.

Evo Morales forseti, sem sjálfur er af ættum frumbyggja, gaf nú um helgina út reglugerð, þar sem kveðið er á um framkvæmd þeirra kosninga. „Þetta er sögulegur áfangi fyrir hreyfingu bænda og frumbyggja,“ sagði Morales við það tækifæri.

Í embætti sínu hefur Morales lagt mikla áherslu á aukin réttindi frumbyggja, sem einkum búa í austurhluta landsins og voru lengi vel réttindalitlir í landinu.

Honum tókst að ná fram stjórnarskrárbreytingu um málið, þrátt fyrir að valdastéttir landsins hafi barist hart gegn henni. Hún hlaut engu að síður 61 prósent atkvæða þegar kosið var um hana.

Samkvæmt nýju stjórnarskránni hafa frumbyggjaþjóðir landsins ótvíræðan rétt til sjálfstjórnar, kjósi þeir það sjálfir.

Í stjórnarskránni er einnig kveðið á um yfirráðarétt ríkisins á náttúruauðlindum, þar á meðal gasi og olíu. - gb



**EVO MORALES** Hefur lagt áherslu á réttindabaráttu frumbyggja. NORDICPHOTOS/AFP

Reiður aldraður Þjóðverji:

## Árás á trúarsöfnuð mistókst

**ÞÝSKALAND, AP Ekkert varð úr skotárás á samkomu hjá trúarsöfnuði í Þýskalandi á föstudag vegna þess að hríðskotabyssa árásarmannsins stóð á sér.**

**Maðurinn, sem er 82 ára, óð inn á samkomu hjá vottum Jehóva í borginni Bielefeld, vopnaður vélbyssu, japönsku samúræjasverði og hníf. Vélbyssan stóð á sér og þá forðaði fólk sér úr salnum, þannig að ekkert varð úr árásinni.**

**Maðurinn fór þá snarlega út úr byggingunni og gekk í áttina að bifreið sinni, en tveir menn úr söfnuðinum yfirbuguðu hann og héldu honum þar til lögreglan kom á staðinn.**

**Talið er að maðurinn kenni söfnuðinum um að hann missti samband við dóttur sína fyrir mörgum árum.** - gb



**SILVIO BERLUSCONI** Enn og aftur draga kvennamál ítalska forsætisráðherrann dilk á eftir sér. NORDICPHOTOS/AFP

Silvio Berlusconi enn í vanda:

## Bauð þingsæti

**ÍTALÍA** Silvio Berlusconi forsætisráðherra Ítalíu bauð fylgdarkonu sinni þingsæti á Evrópuþinginu fyrr á árinu. Þetta staðhæfir fylgdarkonan Patrizia D´Addario, sem hefur verið í fréttum eftir að hún greindi frá samskiptum þeirra og tók upp samtöl við forsætisráðherrann.

D´Addario segir að eiginkona Berlusconis hafi komið í veg fyrir að flokkur hans veldi fylgdarkonuna sem frambjóðanda. - þeb

Barnshafandi konur:

## Ekki veikari fyrir svínaflensu

**HEILBRIGÐISMÁL Barnshafandi konum er ekki hættara við að smitast af svínaflensu en öðrum, samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu. Embættinu hafa borist margar fyrirspurnir um málið.**

**Þó virðist sem hætta á alvarlegum fylgikvillum sé aðeins meiri hjá barnshafandi konum en hjá öðrum. Sú hætta er þó ekki svo mikil að ástæða þyki til sérstakra varúðarráðstafana.**

**Alls hefur 51 tilfelli af svínaflensunni nú verið staðfest. Enginn hinna smituðu er alvarlega veikur.** - þeb

# NATO þarf aðstoð í Afganistanstríðinu

**Nýr framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Anders Fogh Rasmussen, segir nauðsynlegt að Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og óháð félagasamtök starfi nánar með bandalaginu gegn uppreisnarhópum í Afganistan.**

**NATO, AP** Anders Fogh Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, tók á laugardag við embætti framkvæmdastjóra NATO af Jaap de Hoop Scheffer. Nýi framkvæmdastjórinn ætlar að einbeita sér að umbótum á þessu sextuga hernaðarbandalagi vestrænna ríkja, en meginorkan fyrst í stað fer í Afganistanstríðið.

Hann segir nauðsynlegt að fá utanaðkomandi aðstoð við þetta erfiða verkefni, sem árum saman hefur ekki tekist að leiða til lykta.

„NATO mun sinna sínum þætti en getur þó ekki gert það upp á eigin spýtur, þetta þarf að vera alþjóðlegt verkefni, bæði hernaðarlegt og borgaralegt,“ sagði Fogh Rasmussen á blaðamannafundi í höfuðstöðvum NATO í Brussel í gær í tilefni af nýja starfinu.

„NATO er augljóslega sterkasta hernaðarbandalagið, en til þess að vinna frið þá verður NATO að efla möguleika sína til þess að starfa með Evrópusambandinu, Sameinuðu þjóðunum og jafnvel óháðum félagasamtökum,“ sagði Fogh Rasmussen í gær.

Um 64 þúsund hermenn eru á vegum NATO í Afganistan, og er helmingur þeirra frá Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn ætla að auki að senda tuttugu þúsund hermenn til viðbótar, en evrópsku aðildarríkin hafa verið treg til að auka sinn hlut í hernaðinum gegn uppreisnarhópum í Afganistan.

Þegar til lengdar lætur er þó markmiðið að Afganar sjálfir taki að mestu við öryggisgæslu í landinu. Fogh Rasmussen segist vonast til að það gerist á meðan hann gegnir embættinu.

Tengslin við Rússland verða einnig forgangsmál, en hann segir að sameiginlegir hagsmunir NATO og Rússlands séu á mörgum sviðum, meðal annars varðandi baráttu gegn hryðjuverkum, takmörkun á dreifingu gereyðingarvopna og baráttu gegn sjóránum.

Fogh Rasmussen ætlar að leggja mikla vinnu næstu misserin í að endurskoða hlutverk NATO, og hefur fengið Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til að veita því verki forystu.

Hann segist vonast til að almenningur í bandalagsríkjunum taki þátt í þessu endurmótunarstarfi og ætlar að leita eftir áliti sem víðast á því hvert hlutverk NATO eigi að vera.

gudsteinn@frettabladid.is



**ANDERS FOGH RASMUSSEN** Fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur ætlar sér að gera ýmsar breytingar á starfsemi Atlantshafsbandalagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BARIST Í AFGANISTAN** Bandarískur hermaður í Garmsir fyrr í mánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP

Stríðsátökin í Afganistan:

## Fleiri almennir borgarar falla

**AFGANISTAN, AP** Sameinuðu þjóðirnar segja að mannfalli meðal almennra borgara af völdum stríðsins í Afganistan hafi fjölgað um 24 prósent á þessu ári.

Talibanar og aðrir uppreisnarhópar hafa valdið 595 almennum borgurum bana á árinu, en Bandaríkjaher og bandamenn hans hafa, ásamt afganska hernum, kostað 310 almenna borgara lífið.

Að auki féllu 108 manns, sem ekki er vitað hverjum er um að kenna. Samtals féllu því 1.013 almennir borgarar fyrstu sex mánuði ársins, en það er 24 prósentum meira en á sama tímabili í fyrra og 38 prósentum meira en á sama tímabili árið 2007. - gb

Breska heilbrigðiskerfið:

## Vilja banna einka-líffæraflutninga

**LONDON, AP Breska stjórnin kynnti fyrir helgi þau áform sín að banna einka-líffæraflutninga úr látnum líffæragjöfum. Ráðstöfunin er gerð með það í huga að koma í veg fyrir að auðugir líffæraþegar geti keypt sig framar í röðina í bið sinni eftir líffærum.**

**Í skýrslu sérstakrar nefndar sem skipuð var um málið, og birt var af sama tilefni, kemur fram að mælt er með því að allir líffæraflutningar eigi sér stað innan opinbera heilbrigðisgeirans.**

**Einnig kemur fram að einkalíffæraflutningar séu óalgengir milli tveggja Breta. Algengara sé að útlendingar ferðist til Bretlands til að þiggja líffæri.** - kg

Ellilífeyrisþegi á Mön:

## Syngur til stjórnvalda

**MÖN** Ellilífeyrisþegi frá eyjunni Mön hefur ákveðið að bregða á það ráð að syngja til ráðamanna eyjarinnar til að fá bót sinna mála. Myndband með hinni 68 ára Evelyn má sjá á YouTube þar sem hún varar fólk við að koma með fé sitt til eyjarinnar.

Þessi söngræna gagnrýni á stjórnvöld kemur í kjölfar þess að Evelyn þessi hafði lagt inn fé í dótturfélag Kaupþing Singer og Friedlander á eyjunni en hefur ekki haft aðgang að fénu frá því að bankinn fór í þrot síðastliðinn vetur. - bþa

Eva Joly skrifar harðorða grein í evrópsk dagblöð:

# Íslendingar geta ekki borgað

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska þjóðin getur ekki staðið undir skuldbindingum vegna Icesave-samningsins eða láns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta segir Eva Joly í grein sem birtist um helgina í Morgunblaðinu, norska blaðinu Aftenposten, breska blaðinu Daily Telegraph og franska blaðinu Le Monde.

Í greininni gagnrýnir Joly breska forsætisráðherrann Gordon Brown fyrir mikla hörku í Icesave-samningaviðræðunum. Segir hún framgöngu hans lykta af pólitískri refskák sem hafi verið ætluð til þess að styrkja stöðu hans í breskum stjórnmálum. Hún segir Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hafa tekið skýra afstöðu með Bretum í málinu. Það hafi hann fyrst og fremst gert af hræðslu við að styggja sína helstu stuðningsmenn, Breta, en kosið verður til framkvæmdastjórnarinnar í haust.

„Ábyrgðarlaus afstaða sumra ríkja, Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gagnvart hruni íslenska efnahagskerfisins sýnir að þau eru ófær um að draga lærdóm af hruni þess samfélags sem Ísland var holdgervingur fyrir – þ.e. samfélags óhefts markaðsfrelsis, einkum frjálsra fjármálamarkaða sem þessir sömu aðilar tóku þátt í að móta.“

Í greininni sendir Joly Norðurlöndunum einnig tóninn. Þau hafi helst afrekað það að bregðast ekkert við þeirri kúgun sem Íslendingar séu beittir. - th



**EVA JOLY** Framganga Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur orðið til þess að fjöldi Íslendinga er að flýja land að sögn Joly. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Glæsilegt skrifstofuhúsgögn frá HOLMRIS OFFICE




Skrifstofuhúsgögn frá Holmris í Danmörku eru einstaklega vönduð og frábrugðin öðrum skrifstofuhúsgögnum.

Holmris leggur mikla áherslu á umhverfið og að einstaklingnum líði sem best við sína vinnustöð.

Holmris leitast við að hafa fullkomnustu tæknilausnir við sína framleiðslu t.d. kaballausar vinnustöðvar.

Holmris bíður uppá skrifborð með SoftStone og SoftTouch borðplötum sem eru ótrúlega þægilegar og endigargóðar.

Sjón er sögu ríkari!

## *freedom*™ margverðlaunaður skrifstofustóll frá Humanscale




Freedom stóllinn er einn háþróaðasti stóll sögunnar, þægilegur, styður vel við líkamann og er mjög auðveldur í stillingum.

Þú þarft ekki að velta fyrir þér leiðbeiningum um það hvernig eigi að stilla stólinn svo hann henti þér. Freedom sér um það fyrir þig.

Það eina sem að þú þarft að gera er að sitja!

Viðurkenningar sem Freedom stóllinn hefur hlotið

Hér eru örfá fyrirtæki sem sjá ástæðu til að kaupa eingöngu stóla frá Humanscale:
Abbott Laboratories, ABN AMRO, ADP, AIG, Alliance Bernstein, American Express, AMGEN, AOL, Apple Computer, Bank of NY, Baxter Healthcare, Bloomberg, Boeing, BP, Bristol Myers Squibb, Caterpillar, Chevron Texaco, Chubb, Cisco Systems, Citigroup, Colgate-Palmolive, Deloitte & Touche, Ford, GE, Hewitt Associates, Hewlett-Packard, Hilton Hotels, Honeywell, HSBC, Hyatt Hotels Corporation, Ingram Mirco, John Deere, Johnson & Johnson, JP Morgan Chase/Bank One, Juniper Networks, McKinsey Merrill Lynch, Morgan Stanley, Motorola Mark, Novartis, Nvidia Corporation, Oracle Corporation, Pfizer Pharmecutical, Siemens, Sony.

**Tilboð kr. 109.990,-**
Fullt verð kr. 189.990,-
Cava áklæði

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík
Sími 568 2828 - www.buumbetur.is

BÚUM BETUR
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

HEIMA HÚSIÐ





Fjögur þúsund manns yfirgefa híbýli sín í skógareldum:

# Miklir eldar á Kanaríeyjum

**KANARÍEYJAR** Miklir skógareldar geisa nú á eyjunni La Palma á Kanaríeyjum. Allt að fjögur þúsund manns hafa þurft að yfirgefa híbýli sín vegna eldsins. Þó nokkrum íbúum var bjargað örfáum mínútum áður en eldurinn læsti sig í hús þeirra.

Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá flugeldi sem skotið var upp í hátíðarhöldum fyrir fimm dögum síðan. Mikill hiti hefur einnig verið á eyjunni. Slökkviliðsmenn hafa barist við eldinn síðustu daga en hafa þurft að hverfa frá slökkvistörfum á erfiðustu svæðunum þar sem eldurinn er of mikill. Tekist hefur að ná tökum á eldinum á nokkrum svæðum eftir að hiti lækkaði og vindátt breyttist.

Forsætisráðherra Spánar, Jose Luis Rodriguez, er kominn til La Palma og skoðar nú aðstæður þar. Hann hefur lofað að ríkisstjórn hans muni hjálpa þeim sem urðu fyrir tjóni í eldunum.

La Palma er 85 þúsund manna strjálbýl eyja sem tilheyrir Kanaríeyjum. Minni skógareldar hafa kviknað á eyjunum Tenerife og Gran Canaria, sem eru vinsælir áfangastaðir íslenskra ferðamanna. Þeir hafa ekki ógnað fólki eða mannvirkjum og búist er við því að þeir verði slökktir fljótlega.

- þeb



**GRÍÐARMIKILL ELDUR** Eldurinn hefur eyðilagt nokkra tugi húsa og orðið til þess að um 4.000 manns hafa þurft að yfirgefa híbýli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BLYSIN TENDRUÐ Í HERJÓLFSDAL** Veðrið lék við hátíðargesti á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina. Einn af hápunktum hátíðarinnar var brekkusöngurinn og tendrun blysa eftir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIDRIKSSON

# Fjórtán þúsund gestir á þjóðhátíð í Eyjum

**Mörg met voru slegin á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina. Ein með öllu er að breytast í bæjarhátíð fyrir brottflutta Akureyringa. Rigning setti strik í reikninginn á Síldarævintýrinu á Siglufirði og Neistaflugi í Neskaupstað.**

**MANNAMÓT** Aðalstraumurinn lá til Vestmannaeyja í ár og þar féllu mörg met. „Við áætlum að hingað hafi komið á bilinu þrettán til fjórtán þúsund gestir og hafa þeir aldrei verið fleiri,“ segir Tryggvi Már Sæmundsson, framkvæmdastjóri þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum, en í fyrra voru þjóðhátíðargestir um tólf þúsund „Þá á ég von á því að lendingarmet verði slegið á Vestmannaeyjaflugvelli auk þess sem aldrei hefur verið jafn þétt bókað í Herjólf.“

Þrátt fyrir fjöldann segir Tryggvi hátíðarhöldin hafa farið vel fram. „Ég held að veðrið hafi átt stóran þátt í því en ánægjan og gleðin skein úr hjörtum gesta.“ Tryggvi segir að svolítill erill hafi verið hjá gæslunni á milli tólf og þrjú aðfaranótt laugardags en að síðan hafi allt verið með nokkuð kyrrum kjörum. „Föstudagskvöldið hefur yfirleitt verið strembnast enda nokkur spenningur í fólki í upphafi hátíðarinnar.“

Ráðist var í talsverðar skipulagsbreytingar í dalnum fyrir hátíðina í ár og segir Tryggvi þær hafa gefist vel. „Við snerum stóra sviðinu og fengum stærra brekkusvæði en auk þess bættum við fjörutíu nýjum tjaldsvæðum fyrir hvítu tjöldin við. Þau voru nú 352 og hafa aldrei verið fleiri.

### Í skýjunum með Eina með öllu

Á Akureyri gekk ekki síður vel þrátt fyrir töluverða vætu og er Margrét Blöndal, framkvæmdastjóri Einnar með öllu, í skýjunum með hátíðina. „Ég myndi skjóta á að hér hafi verið fleiri en í fyrra. Það var fullt á alla viðburði og bæði torgið og göngugatan stútfull af fólki.“

Margrét segir hátíðina hafa þróast í mikla bæjarhátíð þar sem bæjarbúar, brottfluttir Akureyringar og aðrir gestir komi saman. „Við leikum okkur mikið með gamlar hefðir og drukkum meðal annars Vallas og hlustuðum á lög í anda Ingimars Eydal.“

ABBA-þema hátíðarinnar lukkaðist að sögn Margrétar með eindæmum vel og rofaði meira að segja til á meðan ABBA-lögin dundu á Ráðhústorginu. „Hér var sól og sextán stiga hiti og ungir sem aldnir tóku þátt.“ Hátíðinni lauk svo með því að fjörutíu manns mynduðu blyshjarta að loknum sparitónleikum á Akureyrarvelli en hjartaformið hefur verið Akureyringum hugleikið að undanförnu.

### Rigning á Neistaflugi

Neistaflug í Neskaupstað fór einnig vel fram og að sögn Höskuldar Sæmundssonar, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, réði fjölskyldustemmningin ríkjum. „Ég hugsa að hér hafi verið álíka margir og undanfarin ár eða eitthvað í kringum þúsund manns. Úrhellisrigning setti þó mark sitt á brekkusönginn á sunnudag, sem er einn af hápunktum hátíðarinnar, en um leið og flugeldasýningunni lauk stytti upp.“

### Holdvot börn á Siglufirði

Á Siglufirði, þar sem Síldarævintýrið á Siglufirði fór fram, setti veðrið talsvert strik í reikninginn en þangað lögðu um 1.500 manns leið sína. „Að jafnaði koma hingað á milli 2.500 og 3.000 manns og hefur veðurspáin örugglega haft sitt að segja,“ segir mótshaldarinn Gísli Rúnar Gylfason. Hann segir veðrið hafa verið sérstaklega slæmt á sunnudag þegar söngkeppni barna stóð sem hæst en þau hörkuðu þó af sér. „Það rigndi mest á daginn en stytti upp á kvöldin og þá skemmti fólk sér vel.“

vera@frettabladid.is



**PRJÓNAÐ VIÐ FLUGVÖLLINN** Mikil örtröð var við flugvöllinn í Vestmannaeyjum í gær. Sumir lögðu sig í grasinu fyrir utan flugstöðina en aðrir prjónuðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Atlantsolíudagur

**-5**




Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna** afslátt fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. **Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.**

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 70%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

FLOTTIR HÁFAR MEÐ ALLT AÐ 100.000 KR. AFSLÆTTI
KENWOOD HRÆRIVÉLAR MEÐ 20.000 KR. AFSLÆTTI
OBH BLANDARAR MEÐ GLERSKÁL - ÚTSALA KR. 4.995
*- VERÐ ÁÐUR KR. 7.995 - 38% AFSLÁTTUR*
KENWOOD SAFAPRESSA - ÚTSALA KR. 5.995
*- VERÐ ÁÐUR 10.995 - 45% AFSLÁTTUR*

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR FERÐATÆKI
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MAGNARAR
HÁTALARAR HLJÓMBORÐ
MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# Ó AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR
STRAUJÁRN RAKVÉLAR HELLUBORÐ
RYKSUGUR

**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KR. AFSLÆTTI**
**GRÆJUR OG HÁTALARAR FRÁ DENON,**
**NAD, DALI OG CANTON**
**Á ÚTRÝMINGARVERÐI**

Sjá allt úrvalið á ht.is

**Opið laugardaga**
**kl. 10 – 16**

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido OBH NORDICA INDESIT DeLonghi Whirlpool

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjölga þarf litlum og meðalstórum fyrirtækjum:

## Þurfum arðsama nýsköpun

ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Á undanförnum árum höfum við ekki valið atvinnustarfsemi og nýsköpun í atvinnulífinu með arðsemi og hagsæld að leiðarljósi. Stóru fjármálastofnanirnar brugðust gjörsamlega, útrásin brást að stórum hluta, stóriðjan hefur skilað of litlu arðsemi og nýsköpun á sviði svokallaðra hugvits- og hátæknigreina hefur verið vanrækt. Sjávarútvegur og ferðaþjónusta halda í raun í okkur lífinu þessi misserin. Fjármagnið og vinnuaflið sogaðist inn á rangar brautir. Þar bera stjórnvöld og fjármálafyrirtækin mikla ábyrgð.

Á aðalfundi Marel vorið 2005 sagði ég meðal annars í skýrslu stjórnar á fundinum. „Það hefur ekki ríkt nægur skilningur á Íslandi á mikilvægi og möguleikum hátækniiðnaðar og þessari atvinnugrein eru ekki búin jafn góð skilyrði og ýmsum öðrum t.d. stóriðju. Fyrirtækið og starfsmenn þess eru að skila miklum virðisauka til þjóðfélagsins og mikilvægi Marel í því samhengi er mun meira en meðalstórs álvers. [...]“

Vegna falls krónunnar nú, sem er reyndar orðið allt of mikið, er miklu auðveldara að auka útflutning og finna starfsemi sem er samkeppnisfær við innflutning. Hún þarf ekki endilega að vera mjög flókin, en getur skapað atvinnu og sparað gjaldeyri. Það þyrfti að styðja meira við nýstofnuð og efnileg fyrirtæki og efla þau sem fyrir eru, meðal annars með því að setja upp „lánaflokk til smærri og meðalstórra fyrirtækja“ að erlendri fyrirmynd.

Hugmyndahús Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands býður upp á húsnæði og námskeið fyrir einstaklinga með það að markmiði að hjálpa þeim að þróa sínar hugmyndir með stofnun fyrirtækis í huga. Klak hf. er með aðstöðu fyrir frumkvöðlafyrirtæki sem eru komin af hugmyndastigi á framkvæmdastig og nám í frumkvöðlafræðum, „Viðskiptasmiðjuna“. Í síðustu viku var kynntur afrakstur af þessu starfi og er áætlað að til verði tugir sprotafyrirtækja á Íslandi vegna þessa framtaks á næstu misserum. Háskólarnir geta gegnt lykilhlutverki í endurreisninni og ef einhvern tíma er þörf á að efla þeirra starf og rannsóknir þá er það núna.

Það geta ekki öll fyrirtæki orðið jafn glæsileg og í fremstu röð á heimsvísu eins og Marel, Össur og nokkur fleiri, en við getum eignast mun fleiri alþjóðleg fyrirtæki. Marel og Össur voru aldrei dæmigerð útrásarfyrirtæki, heldur þróuðust í að verða alþjóðleg með hugvitssamri og margvissri uppbyggingu á löngum tíma. Ef gjaldeyrishöftum verður ekki aflétt fljótlega og komið hér á eðlilegum fjármagnsmarkaði, þar á meðal hlutabréfamarkaði munum við missa þessi og fleiri fyrirtæki úr landi. Þetta er ekki hræðsluáróður heldur kaldur raunveruleiki.

Það vantar ný arðsöm nýsköpunarfyrirtæki og lausnin liggur meðal annars í fjölgun lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem geta með tímanum orðið alþjóðleg. Núverandi stjórnvöld þurfa að komast úr því hlutverki að vera bara „brunalið“. Þjóðin bíður nú í lok sumars eftir endurreisnaráætlun!

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Kjarnorkusprenging**
Um fátt var ritað og rætt meira um helgina en lögbann Kaupþings á Ríkisútvarpið vegna fréttaflutnings, sem hefur vakið hörð viðbrögð. Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, sagði lögbannið forkastanlegt og heimskulegt í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. Á netinu var það meðal annars haft á orði að Kaupþing hefði að minnsta kosti skorað sjálfsmark með lögbanninu. Aðrir gengu lengra og líktu banninu við kjarnorkusprengingu og sögðu það eins og Hiroshima almannatengsla.



**Tengingar gerðar**
Á wikileaks.org, síðunni sem hýsir glærusýninguna sem lögbannið snýst um, hafa upplýsingar verið uppfærðar með fréttum af framgangi mála. Þar er einnig minnt á það hver úrskurðar um lögbann. Það er sýslumaðurinn í Reykjavík, sem heitir Rúnar Guðjónsson. Á síðunni er jafnframt sagt frá sonum hans tveimur.



**Ótraustvekjandi fjölskyldutengsl**
Þannig vill til að annar sonurinn er Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja. Meðal félaga hans hjá samtökunum eru bankastjórar bankanna, þar á meðal Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings. Hinn sonurinn er Frosti Reyr Rúnarsson, fyrrverandi forstöðumaður verðbréfamiðlunar hjá Kaupþingi. Frosti var einn þeirra sem fékk frægt kúlulán hjá bankanum á sínum tíma. Lára Hanna Einarsdóttir skrifar um þessi tengsl á bloggsíðu sinni og segir þar tengslin vera vægast sagt umhugsunarverð og ekki bein traustvekjandi.

**thorunn@frettabladid.is**

## Tjáning og tilfinningar

Þó að dönskuslettur hafi verið algengar hér á landi meðan yfirvaldið var danskt, og enskuskotin íslenska bergmálað um allt á stríðsárunum, þegar einkennisklæddir Bretar og síðar Bandaríkjamenn réðu ferð, höfum við aldrei misst sjónar á mikilvægi þess að hlúa að íslenskri tungu.



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Íslenskt mál

En lifandi tungumál tekur stöðugum breytingum og endurspeglar tíðaranda hverju sinni, þó að ræturnar séu á sínu stað. Almennt tungutak hér á landi er smám saman að breytast á þann veg að við erum að umsnúa fyrri merkingu sumra lýsingarorða. Æ fleiri tjá sig líka með því að slá saman tveimur orðtökum sem merkja það sama, án þess að vita af því.

Dæmi: Ertu að gera at í mér/ Ertu að grínast? verður: Ertu að grínast í mér?

Vona að okkur lánist/ að að við berum gæfu til, er orðið:Vona að okkur beri gæfa til

Ég á ekki fyrir því / hef ekki ekki efni á því, er: Ég á ekki efni á þessu!

Pældu í því/ Spáðu í það, er nú: Spáðu í því!

**Ógeðslega gaman**
Þegar ég var í tólf ára bekk í Langholtsskóla, stóð ég einhverju sinni og spjallaði við nokkra vini mína á móts við Holts Apótek eftir skólatíma. Einn þeirra var að segja okkur frá skemmtilegu atviki og botnaði frásögnina með því að segja af mikilli innlifun: „Það var ógeðslega gaman!“

Þetta var fyrsta skipti sem ég heyrði viðsnúning á þessu lýsingarorði, og fannst það í meira lagi hallærislegt. Fannst hann vera að vekja á sér athygli með ögrandi bjánaskap. Reyna að vera fyndinn. En líkast til þótti honum þetta svo merkilegt að venjuleg lýsingarorð dygðu ekki til. Væru of litlaus og kraftlítil.

Í vikunni hitti ég nágranna minn á þrítugsaldri sem var nýbúinn að fá sér hund, og spurði hvernig hann gengi að þjálfa hann. „Ljómandi vel“, sagði hann.

Fram eftir degi var ég að reyna að rifja upp hvenær ég hefði síðast heyrt einhvern á hans aldri tjá sig með þessum hætti. Algengast er að fólk lýsi góðri líðan, upplifun og hrifningu með orðum sem upprunalega merkja vanlíðan og ógleði: Það er ógeðslega flott, geðveikt gaman, truflað matarboð, geggjað sumarfrí, og brjálæðislega hárgreiðsla.

*En lifandi tungumál tekur stöðugum breytingum og endurspeglar tíðaranda hverju sinni, þó að ræturnar séu á sínum stað.*

Tjáning eins og : Ljómandi gaman, afar gott, meiriháttar, skemmtilegt, ánægjulegt, mjög fallegt, einstakt, alveg sérstakt, dásamlegt, mikið fjör, eru sjaldheyrðari, en „frábært“ er í fullu gildi.

Kannski er það rökrétt í þessu samhengi hvað margir taka fagnandi tjáningu eins og : Helvítis fokking fokk! Áður en við verðum litið geta þessi orð verið viðbrögð við skemmtilegum knattspyrnuleik, flottum kjól eða fallegu landslagi.

**Nöldur**
Eitt orð getur skipt máli og breytt andblæ, bæði í töluðu máli og bundnu.

Í dásamlegri náttúrulýsingu Kristjáns frá Djúpalæk í „Nótt í Atlavík“ notar hann bæði silfur og gull í myndlíkingu í fyrsta erindinu: Í Hallormstaðarskógi, er angan engu lík, og dögg á grasi glóir sem gull í Atlavík. Og fljótsins silfur sveipast í sólarlagsins eld..“ Ekki fljótsins „svanir“, eins og sungið var á skemmtilegri plötu fyrir löngu.

Sama er með ljóð Páls Ólafssonar „Hríslan og lækurinn“. Lag Inga T. Lárussonar við þetta ljóð sem allir þekkja er sungið inn á plötu af fínum listamönnum, en hendingin: „lætur að kvöldi laufblað falla, í lækinn honum til ununar“ og síðar „brosandi kyssir laufið þitt“ – verður dálítið öðruvísi, með hliðsjón af sögu Páls Ólafssonar, þegar sungið er : „Lætur að kvöldi lauf blöð falla – og kyssir laufblað þitt.“ En það sem komið er á plötu/disk ratar inn á hvert heimili.

Einnig má minna á leiðréttingu Garðars Cortes í Morgunblaðsgrein á ljóði Valdimars Hólm Hallstað við lag Karls Ó Runólfssonar „Í fjarlægð“. Þar er rétt að syngja: Heyrirðu ei, þig hjartað kallar á – ekki hvern hjartað kallar á.

Þetta er kannski dálítið nöldur í mér. En það er eitt enn. Ef maður notar málshætti er betra að skilja þá.

Piltur sem var að stafla vörum í gám nýlega, sagði sigri hrósandi við félaga sinn þegar gámurinn var hálfur: Hálfnað er verk þá hafið er!

## Menntun í forgangi

**UMRÆÐAN**
Gestur Svavarsson skrifar um menntamál.



GESTUR SVAVARSSON

Það eru ekki bjartir tímar fram undan fyrir mörg sveitarfélög á Íslandi. Þau hafa auðvitað farið misgeyst í fjárfestingum og mörg hver hagað sér fullglannalega. Það breytir hins vegar engu um það að í öllum þessum sveitarfélögum búa börn sem þurfa á menntun að halda, grunnmenntun, sem þarf að gagnast þjóðfélaginu svo það verði frjótt, gjöfult og réttlátt.

Það er ekki ný saga að oft hefur grunnskólinn verið kallaður þyngsti útgjaldabaggi sveitarfélaganna. Með réttu ætti auðvitað að kalla fjárútlát til grunnskólans verðmætustu langtímafjárfestinguna. Nú horfir þó svo við að í sveitarfélögum hefur verið leitað leiða til þess að skera niður útgjaldaliði í sveitarfélögum, og hefur það gengið svo langt að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur farið fram á það við menntamálaráðherra að heimila að lögbundnar kennslustundir verði færri á komandi skólaári.

Ráðherra hefur þá sýn að horfa beri til sjónarmiða Kennarasambands Íslands sem er alfarið á móti því að gefa slíka heimild. Augljósustu rökin eru tvenn, það þýðir að störfum kennara fækkar og auk þess fá íslensk skólabörn færri kennslustundir.

Það skiljanlegt að Kennarasambandið vilji verja störf félagsmanna sinna. Því má síðan velta fyrir sér hvort það skipti skólabörn miklu að fá þessar viðbótarkennslustundir, alls 37 stundir á ári, en það er sá kennslustundafjöldi sem aukið hefur verið við grunnskólann síðan 1996 þegar sveitarfélögin tóku við honum.

En ef horft er fram hjá því hvað liggur að baki ráðgjöf Kennarasambandsins, stendur enn eftir að sveitarfélögin hafa illa efni á að reka grunnskólann. Þess vegna hafa þau leitað ásjár ráðherrans sem deilir ekki sýn þeirra á því að lækka megi kennslustundafjöldann. Þá hlýtur að standa upp á ráðherrann að leysa málið á annan hátt, svo sem með sértækum útgjaldastyrk til skólanna, eftir hefðbundnum eða óhefðbundnum leiðum. Er annað í spilunum?

*Höfundur er aðalmaður í fræðsluráði í Hafnarfirði.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**GÖNGUGARPUR** með bakpoka sem vegur fimmtán til tuttugu kíló getur gengið þrjá til fjóra kílómetra á klukkustund á jafnsléttu. Reiknað er með einum tíma aukalega fyrir hverja sex til sjö hundruð metra upp á við. Nánar á www.ganga.is.














„Ég hef aldrei heyrt setninguna „þú hefðir átt að fæðast karlmaður“ þegar áhugamálin ber á góma,“ segir María kaldhæðin og hlær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vildi verða Bruce Lee

**María Ísfold Steinunnardóttir fer yfirleitt óvenjulegar leiðir í lífinu. Eitt sinn dreymdi hana um að verða Bruce Lee, svo gerðist hún kúreki á búgarði í Bandaríkjunum og nú stundar hún combat conditioning.**

Allt frá því að María Ísfold Steinunnardóttir uppgötvaði Bruce Lee-myndir sem barn ól hún með sér draum um að ná langt á sviði bardagalista. Þótt hún hafi nú gefið hann upp á bátinn hugsar hún vel um sig og stundar meðal annars combat conditioning um þessar mundir.

„Þetta er svona blanda af alls kyns íþróttum,“ útskýrir María og bætir við að þetta geti verið góður undirbúningur að bardagaíþróttum fyrir þá sem vilja. „Margir af fræknustu köppum á sviði bardagalista nota þessa leið til að komast í form. Erlendis er keppt í íþróttinni en hún er enn sem komið er tiltölulega óþekkt hér. Það er helst að þakka strákunum í Mjölni, þar sem ég æfi, að hún hefur borist til landsins.“

María segist stunda combat conditioning til að vinna upp þol, styrk og snerpu og meðfram því lyftir hún ketilbjöllum til að byggja upp stoðkerfi líkamans. „Þetta eru rússneskar bjöllur svipaðar þeim sem notaðar eru í kúluvarpi nema með handföngum,“ segir hún og kveðst hafa náð miklum framförum síðan hún bætti lyftingunum á stundaskrána. „Ég hef aldrei verið í eins góðu formi og nú og það þrátt fyrir að hafa stundað líkamsrækt um árabil og keppt í fitness.“

María viðurkennir í framhaldinu að áhugamálin séu flest óvenjuleg. Eitt sinn hafi hana til að mynda langað óskaplega til að gerast kúreki og látið verða af því. „Ég skellti mér bara til Bandaríkjanna og var þar á búgarði í Wyoming,“ segir María hlæjandi en hún er meðal annars búfræðingur að mennt. „Þar komst ég reyndar að því að kúrekadraumurinn var kannski ekki alveg eins og í bíómyndunum. Eiginlega var þetta miklu erfiðara en mig grunaði. Þannig að ég sneri heim og fór þá í þetta.“

Heilsuáhuginn nær þó út fyrir leikfimissalinn því María fer allra sinna ferða fótgangandi eða á hjóli. „Ég hjóla allt og er bara á nagladekkjum á veturna. Einu skiptin sem ég hef keyrt bíl var þegar mamma og pabbi gáfu mér bílpróf í afmælisgjöf sem ég neyddist til að taka. Aftur á móti keyri ég mótorhjól sem sýnir kannski að ef ég sit klofvega á einhverju finnst mér það ekkert mál,“ segir hún og hlær.

*roald@frettabladid.is*





**HJÓLAFERÐ** verður farin í dag á vegum Íslenska fjallahjólaklúbbsins. Lagt verður af stað frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum klukkan sjö. Þetta er fjölskylduvæn ferð og hentar til dæmis þeim sem eru að byrja að hjóla eftir langt hlé.





vísir.is
„...ég sá það á vísi"


# Íslenskar rannsóknir vekja athygli

**Rannsóknir Hjartaverndar á sambandi mígrenis og vefjabreytinga í litla heila hafa vakið athygli erlendis. Fjallað hefur verið um niðurstöðurnar í virtu bandarísku læknatímariti og á erlendum vefsíðum.**

„Rannsóknin byggir á öldrunarrannsókn Hjartaverndar og Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar, sem staðið hefur í fjörutíu ár, og niðurstöðum sem þaðan hafa komið," segir Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar. Niðurstöður rannsókna Hjartaverndar á sambandi mígrenis og vefjabreytinga í litla heila voru nýlega kynntar í hinu virta bandaríska læknatímariti Journal of the American Medical Association, JAMA.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að konur á miðjum aldri sem þjást af mígreni með áru, en það eru sjóntruflanir, svimi og dofi, eru líklegri til að hafa vefjabreytingar í litla heila. „Við vitum ekki enn hvaða áhrif þessar vefjabreytingar hafa á vitræna getu og hæfni einstaklinga en erum að rannsaka það. Markmiðið, eins og með öllum okkar rannsóknum, er að bæta heilsu fólks, líðan og lífslíkur," segir Vilmundur en um 19.000 Íslendingar tóku þátt í Reykjavíkurrannsókninni og 5.700 í öldrunarrannsókninni.

„Við vitum ekki af hverju vefjabreytingarnar virðast frekar vera hjá konum en körlum," segir hann. „En það verður rannsakað betur. Hugsanlegt er að ef þær hafa áhrif á lífslíkur fólks gætu einhverjir karlar verið fallnir frá," útskýrir hann og bætir við að mígreni sé algengara hjá konum en körlum og að um ellefu prósent fullorðinna þjáist af því. „Sextíu prósent þátttakenda voru konur og endurspeglar það samfélag eldri borgara." Þá segir hann niðurstöðurnar merkilegar þar sem menn hafa tengt mígreni og truflanir í sjón blóðflæðistruflunum og gæti það samrýmst þessum niðurstöðum, en það þurfi að rannsaka frekar. „Þegar upp verður staðið skiljum við mögulega betur hvað er á seyði. Þá munu menn geta seinkað eða hindrað afleiðingar sem hafa meira í för með sér þegar fram líða stundir."

Um athyglina sem niðurstöðurnar hafa hlotið segir Vilmundur: „Þær þykja það merkilegar að ástæða var talin til að birta þær í JAMA. Þá var líka skrifuð ritstjórnargrein um þær í blaðið og fréttaskot birtust á ýmsum erlendum heilsuvefjum," upplýsir hann, en íslenskir sérfræðingar unnu að rannsókninni. „Við erum auðvitað í samvinnu við gott fólk alls staðar í heiminum í öllum okkar rannsóknum." Aðspurður segir Vilmundur niðurstöður rannsóknarinnar ekki endilega koma á óvart. „Við skoðum þetta vegna hugmyndar um að æðabreytingar eða blóðrásartruflanir yllu einkennum mígrenis."

*martaf@frettabladid.is*



Vilmundur segir rannsóknina styrkta af Öldrunarstofnun bandarísku heilbrigðisstofnunarinnar og Hjartavernd með stuðningi frá Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Rauðakrosshúsið

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Mánudagurinn 3. ágúst

Lokað - Frídagur verslunnarmanna.

Þriðjudagurinn 4. ágúst

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson leiðir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Einkatímar í söng - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Mikilvægi þess að setja mörk - Ráðgjafar Lausnarinnar (lausnin.is) fjalla um mikilvægi þess að setja sjálfum sér og öðrum mörk, hvort sem er á heimilinu eða í almennum samskiptum. Boðið verður upp á einstaklingsráðgjöf að fyrirlestri loknum. Tími: 13.30-14.30.

Leitin að hamingjunni - Í þessum fyrirlestri verður leitað svara við því hvernig við getum fyllt lífið hamingju. Tími: 15.00-16.00.

Miðvikudagurinn 5. ágúst

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Tími: 12.30-14.00.

Tölvuaðstoð og facebook fyrir byrjendur - Tími: 13.30-14.30.

Sofum vært - Fjallað verður um svefnvenjur Íslendinga, mikilvægi svefns fyrir almenna vellíðan og hvernig má bæta svefn og svefnvenjur. Tími: 14.00-15.00.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Karítas - án titils eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Tími: 14.00-15.00.

Uppruni trúar Japana - Í þessu létta erindi verður fjallað um uppruna trúarlífs Japana. Tími: 15.30-16.30.

Fimmtudagurinn 6. ágúst

Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar, fyrsti hluti af fjórum - Foreldrar ungra barna (1/2 til 6 ára) læra aðferðir til að skapa æskileg uppeldisskilyrði sem líklegust eru til að skila árangri í lífi barns og draga úr líkum á erfiðleikum í framtíðinni. Námskeiðið verður á sama tíma alla fimmtudaga í ágúst. Skráning nauðsynleg. Tími: 12.30-14.30.

Föndur, skrapp myndaalbúm - Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm fyrir uppáhalds myndirnar þínar. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagurinn 7. ágúst

Einkatímar í söng - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Flugdrekagrill - Fyrir alla aldurshópa! Flugdrekagerð og keppni. Frumlegasti flugdrekinn fær skemmtileg verðlaun. Fjölskylduskemmtun sem lýkur með grilluðum pylsum á teini og sannkölluðum sumardrykkjum. Tími: 12.30-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Ráðgjöf sérfræðinga er ókeypis. Skráðu þig í afgreiðslu. Í boði er:

Sálfræðiráðgjöf

Lögfræðiráðgjöf

Fjármálaráðgjöf

Fíkniráðgjöf

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17



Matargerð með ástúð og virðingu

Krúska er matstofa og verslun.

Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.

Verið velkomin!



KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is



Njóttu náttúrunnar



Sólarsellur

Vindrafalar

Hjá Rótor færðu úrval náttúruvænna orkugjafa sem henta fyrir mismunandi aðstæður og vert er að skoða.

Rótor býður auk þess úrval fylgihluta sem létta lífið á ferðalaginu og viðgerðir og þjónustu við hús- og ferðabíla á einu besta bílarafmagns- og þjónustuverkstæði landsins.

Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið



Viðgerðir | Kæliskápar | Reiðhjólagrindur | Ferðasalerni | Fortjöld

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.

rotor

VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900



Raðhúsið stendur við Ögurás 18 í Garðabæ. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Í góðu ásigkomulagi að utan sem innan

Fasteignamarkaðurinn er með til sölu endaraðhús við Ögurás 18 í Garðabæ.

Fasteignin er 200,4 fermetrar að meðtöldum 28,5 fermetra innbyggðum bílskúr. Aukin lofthæð er í nánast öllu húsinu þar sem loft eru tekin upp og klædd með gifsi. Hiti er í gólfum í forstofu, þvottaherbergi og baðherbergi.

Komið er inn í flísalagða forstofu. Herbergi við forstofu er rúmgott og parketlagt. Inn af forstofu er flísalagt þvottaherbergi með innréttingum og innfelldum vaski. Innangengt er úr þvottaherbergi í bílskúr.

Hol er bjart og parketlagt. Borðstofa og setustofa eru samliggjandi og parketlagðar, með útgangi á verönd til suðvesturs með skjólveggjum. Eldhús er stórt og opið við stofu. Innréttingar og eyja er úr hvíttaðri eik, með granít- og harðviðarborðplötum. Mósaíkflísar eru á milli efri og neðri skápa.

Svefngangur er parketlagður. Sömuleiðis barnaherbergi. Baðherbergi er með glugga, flísalagt í gólf og veggi og bæði með baðkari og sturtuklefa. Hjónaherbergi er rúmgott, parketlagt og með fataherbergi inn af.

Á efri hæð um parketlagðan stiga úr holi er opið parketlagt rými með gaflgluggum, sem gæti nýst sem sjónvarpsstofa eða svefnherbergi.

Bílskúr er flísalagður og með góðri lofthæð. Rafmagnsopnari er á bílskúrshurð. Yfir hluta bílskúrs er geymsluloft og inn af honum geymsla.

Húsið er í góðu ásigkomulagi að utan, lóðin ræktuð og fullfrágengin. Hiti er í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Öldugata HF 4ra herbergja.**




Nýkomin sérlega skemmtileg 88 fm 4ra herbergja íbúð á þessum vinsæla stað.
Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð, m.a. nýlegt eldhús og gólfefni.
Mjög góð staðsetning í næsta nágreni við skóla. **ATH LÆKKAÐ Verð** 18,5 millj.

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

hof fasteignasala
564 6464
Stórhöfða 33 - 110 Reykjavík
hof@hofid.is - www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson, lögg. fasteignasali



**Eyktarhæð - Garðabær**
Glæsilegt 266 fm einbýlishús á góðum útsýnisstað. Eignin skiptist m.a. í þrjú svefnherbergi, þrjár stofur, turnstofu, tvö baðherb. og flísalagðan bílskúr. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Viðhaldslétt lóð með stóru steyptu bílaplani.



**Sóleyjarimi - Grafarvogi**
Glæsileg 134,6 fm endaíbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Vandaðar innréttingar og gólfefni, sér inngangur er af svölum og stæði í lokaðri bílageymslu. Lækkað verð, nú aðeins 29,9 millj



**Vallholt - Ólafsvík**
Skipti möguleg á fasteign í Reykjavík / Kópavogi. Eignin er 114 fm og skiptist m.a. í þrjú svefnherb, tvær samliggjandi stofur. Gott fjölskylduhús í öflugu bæjarfélagi.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



ALLAR FASTEIGNIR SEM ERU TIL SÖLU Á ÍSLANDI!
DRAUMAEIGNINA ÞÍNA FINNUR ÞÚ Á VÍSIR.IS
YFIR 16.000 EIGNIR Á SKRÁ
Félag Fasteignasala
vísir.is

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík

S: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnús Geir Pálsson, sölumaður · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Félag Fasteignasala

www.eignamidlun.is

## Strýtusel - sérlega glæsilegt hús



Stórt og sérlega glæsilegt, mikið endurnýjað, samtals 304,9 fm einbýlishús sem er á tveimur hæðum með tvöföldum 38,4 fm innbyggðum bílskúr. Húsið stendur innst í botnlangagötu og er mikil reisn að aðkomu hússins. Húsið var teiknað af Kjartani Sveinssyni arkitekt. Stór fallega gróin lóð. HÚS FYRIR VANDLÁTA. V. 85,0 m. 4911

## Langagerði - einb. með aukaíbúð



Flott ca 280 fm einbýlis /tvíbýlishús á mjög góðum stað við Langagerði í Reykjavík. Í húsinu eru í dag glæsilegt efri hæð ásamt bílskúr og séríbúð 2ja herbergja á neðri hæð með sérinngangi en einnig er innangengt milli hæða. Góður bílskúr. Sólskáli. Stór verönd með heitum potti og sannkallaður skrúðgarður fyrir neðan húsið. Skipti möguleg á ódýrari eign. V. 72,0 m. 4905

## Norðurbrún - sérhæð með bílskúr.



Góð efri sérhæð ásamt bílskúr. Íbúðin er skráð 130,5 fm og bílskúrinn 28,5 fm, samtals 159 fm. Í dag eru svefnherbergin tvö en voru fimm, auðvelt er að breyta sjónvarpstofu aftur í þrjú svefnherbergi. V. 35,0 m. 4909

## Langamýri - Garðabær



Sérlega falleg 86,9 fm þriggja herbergja íbúð, auk geymslu sem er ekki inni í fermt. íbúðar. Sérinngangur. Íbúðin er á efri hæð og er með stórum vestur svölum. Fallegur garður í góðri rækt umlykur húsið. V. 24,5 m. 4895

## Seinakur - nýjar fullbúnar íbúðir. Til afhendingar fljótlega !



Nýjar stórglæsilegar og vel hannaðar íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðunum eru stór og björt rými. Húsin er aðeins tveggja hæða en þó með lyftu. Undir þeim er vel hönnuð og lokuð bílageymsla. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna að mestu en þó eru gólf anddyris, bað- og þvottaherb., flísalögð. Fallegar viðarinnréttingar og innihurðir í stíl. Hafið samband við sölumenn okkar! V. 26,9 - 34,9 m. 8188

## Maltakur - örfáar íbúðir óseldar !



Stórglæsilegar og vel hannaðar 3ja herb. íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðunum eru stór og björt rými.</B> Svefnherbergi eru með innbyggðum fataherbergjum og mörg með sér baðherbergjum. Sannkallaðar hjónasvítur.</B> Góð herbergi og rúmgóðar stofur með sambyggðu eldhúsi á móti suðri. Hafið samband við sölumenn og bókið skoðun. 4660

## Eldri borgarar



**Hvassaleiti - fyrir eldri borgara.** Falleg 72,5 fm íbúð. Rúmgóð stofa með útgengi út á verönd til suðvesturs. Húsvörður í húsinu. Hægt að fá keyptan heitan mat í hádeginu. Ýmiss þjónusta í húsinu svo sem hárgreiðslu- og fótaaðgerastofa. Skipulagt félagsstarf. Heitur matur í hádeginu. V. 22,3 m. 3961

## Einbýli



**Langholtsvegur- Einbýli í rótgrónu hverfi** Fallegt 182,4 fm steinsteypt einbýlishús með fallegum garði. Húsið er á tveimur hæðum og hefur töluvert verið endurnýjað. V. 39,5 m. 4870



**Bollagarðar - Seltjarnarnes -lækkað verð.** Glæsil. einbýlishús með sjávarútsýni. Eignin skiptist í forstofu, hol/gang, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, sjónvarpshol, geymslu og baðherbergi. Endurnýjuð lóð með afgirtri verönd og heitum potti. Allar innréttingar, gólfefni og skipulag er hið vandaðasta enda hefur húsið allt verið endurnýjað á síðustu árum. V. 58,0 m. 4640



**Eiðismýri - glæsilegt parhús.** Vandað 265,3 fm parhús á mjög góðum stað á Seltjarnarnesi. Glæsileg afgirt timburverönd og heitur pottur . Húsið skiptist m.a. í 4-5 svefnherbergi, þrjár stofur, arinn. Endurnýjuð baðherb. Sérhönnuð lýsing. Hiti í gólfum. Góður bílskúr m. milliloftí. V. 69,0 m. 4847

## Hæðir



**Rauðalækur - efsta hæð - 4 svefnherb.** Góð 5 herbergja hæð á 3.hæð (efstu) í góðu velstaðsettu húsi í Austurborginni. 4 svefnherb. Parket. Góðar svalir. Endurn. ofnar og ofnalagnir. V. 25,5 m. 4894



**Skólavörðustígur- Útsýnishæð** Glæsileg útsýnishæð á fjórðu og efstu hæð í fallegu húsi við Skólavörðustíginn. Eignin er skráð 155,6 fm en þar af er íbúðin sjálf 98 fm, íbúðarherbergi á hæðinni 16 fm og útsýnissólskáli yfir hæðinni 37 fm. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð. V. 33,0 m. 4889



**Álfaheiði Kópavogi - með bílskúr. Sérinng.** Góð 4ra-5 herbergja íbúð á 1.hæð í klasahúsi ásamt bílskúr á frábærum stað í suðurhlíðum Kópavogs. 151,3 fm samtals m. bílskúr. Mjög góður útsýnisstaður. V. 30,9 m. 4849

## Hæðir



**Austurbrún - Neðri sérhæð - gott verð.** Glæsileg 182,1 fm neðri sérhæð ásamt innb. bílskúr í fallegu húsi á eftirsóttum stað. Hæðin skiptist þannig: tvær stofur, fjögur herbergi, eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús, vinnuherbergi og forstofa. 2 geymslur. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á síðustu tveimur árum m.a innréttingar, baðherbergi, eldhús, gólfefni og fl. V. 39,9 m. 4844



**Sigtún - glæsileg efri hæð** Mikið endurnýjuð samt. 153,5 fm efri hæð Nýl. glæsil.baðherb, gólfefni, endurnýjað flott eldhús. Húsið endursteinað að utan og endurn þakjárn. Bílsk. er 31,2 fm nýl. gegnumt.með nýl. hurð m. sjálfv.opnara. Hellulagt bílaplan. Tvennar svalir. Fallegur rækt. garður. V. 38,0 m. 4815



**Ögurás - efri sérhæð** Nýleg 91,5 fm sérhæð í nýju tengihúsi efst á Ásahæðinni í Garðabæ. Íbúðin er á efri hæð með sér inngangi og glæsilegu útsýni. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, stofu, þvottahús/geymslu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. V. 27,9 m. 4798

## 4ra-6 herbergja



**Fálkagata - mjög góð mikið endurnýjuð.** Mjög góð velskipulögð 3ja - 4ra herbergja íbúð á jarðh. í góðu 3ja hæða húsi í Vesturbæ Reykjavíkur. Íb. er 91,3 fm. Sérþvottahús og sérgeymsla innan íbúðar(má nýta sem herb.) Nýl. glæsil. sérhannað eldhús. Góð gólfefni. Útgengið úr stofu í góðan suðurgarð. V. 21,9 m. 4883



**Laugarnesvegur - 4-5 herb. Góð kaup** Mikið endurnýjuð ca 115 fm íb. á 2.h. í góðu húsi í Austurborginni. 3 svefnherb. tvær stofur. Nýl. eldhús og fl. Eign á mjög góðu verði ! V. 23,5 m. 4887



**Norðurbakki - glæsileg útsýnisíbúð** Ný glæsileg fullbúin 4ra herb. íb. samt. ca 131 fm á 5.h.(efstu) í glæsil.nýl. lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli. Tvennar svalir. Vandaðar eikarinnréttingar. Sérþvottah. í íbúð. Glæsilegt útsýni. Hús klætt með viðhaldsléttri klæðningu. Stæði í vönduðu bílskýli í kjallara hússins, sérgeymsla íbúðarinnar til afhendingar við kaupsamning og lyklar eru á skrifstofu Eignamiðlunar V. 41,0 m. 4796



**Seilugrandi - gott útsýni** Falleg 100,2 fm 4ra herbergja íbúð ásamt 23,5 fm geymslu og 30 fm stæði í bílageymslu. Innangengt er úr bílageymslu inn í húsið. Frábært sjávarútsýni. Gengið er inn í íbúðina af svalagangi. V. 28,0 m. 4584

## 4ra-6 herbergja



**Hvassaleiti - með bílskúr** Mjög falleg 104,6 fm íbúð á 2. hæð. 20,5 fm bílskúr fylgir. Samtals 125,1 fm. Blokkin hefur verið standsett að utan. Íbúðin skiptist m.s. í mjög rúmgóða stofu og þrjú herbergi. V. 22,9 m. 3962

## 3ja herbergja



**Kringlan - með bílageymslu** Falleg velskipulögð ca 100 fm endaíbúð á annari hæð í góðu velstaðsettu fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu. Örstutt í Kringluna, háskóla og versló svo eitthvað sé nefnt. Sérinngangur af svalagangi. Yfirbyggðar svalir. V. 25,0 m. 4907



**Lómasalir** Falleg 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í nýlegu lyftuhúsi. Öll aðkoma að húsinu er góð og inngangur og aðgangur að lyftu bæði af jarðhæð og fyrstu hæð. V. 24,5 m. 4564



**Skipholt - 1.hæð - laus fljótlega** Falleg talsvert endurnýjuð 3ja herb. íbúð á 1.hæð í vel staðsettu húsi. Parket. Endurn. eldhús, bað, gólfefni og fl. Áhv. ca 9,5 m. Verð 19,0 millj. V. 19,0 m. 4848



**Miklabraut - mikið endurnýjuð** Um er að ræða mikið endurnýjaða 3ja herbergja 63,9 fm kjallaraíbúð sem er bæði með sameiginlegum inngangi og sérinngangi á gafli hússins. V. 15,5 m. 4813

## 2ja herbergja



**Skipholt** Gullfalleg 58,7 m2 íbúð á 2.hæð í nýlega viðgerðu og yfirförnu húsi steinsnar frá Miðborginni. Sérbílastæði á baklóð hússins. Húsinu var breytt úr atv. húsn. í íbúðir fyrir nokkrum árum og því má segja að innréttingar, gólfefni, lagnir og fleira sé nýtt(eða nýlegt). Falleg sameign. V. 17,5 m. 4903



**Flyðrugrandi- Stórar svalir með útsýni.** Góð og falleg 2ja herbergja 70,5 fm íbúð á 3. hæð (1. hæð frá götu) eftirsóttum stað í Vesturbænum með fallegu útsýni og stórum svölum. Í kjallara er mjög góð sér geymsla (sem er óskr. hjá FMR). Einnig er í kjallara sameiginleg hjóla og vagnageymsla. V. 19,7 m. 4882



**Skeljagrandi - góð íbúð.** Góð 56,2 fm íbúð með sérinngang af svölum. Íbúðin er skráð 56,2 fm og stæði í lokuðum bílakjallara 30,9 fm. Ca 8 fm geymsla fylgir íbúðinni sem er óskráð hjá fasteignaskrá ríkisins og því ekki innifalin í fermetratölu íbúðar eins og venja er. V. 16,5 m. 4871

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN


## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.


## SÖLUAÐILAR FYRIR 101 SKUGGAHVERFI. FULLBÚNAR GLÆSIÍBÚÐIR Í HJARTA BORGARINNAR

## EINBÝLISHÚS Í FOSSVOGI.

**GLÆSILEGT U.Þ.B. 400 FM. EINBÝLISHÚS NEÐST Í FOSSVOGINUM. HÚSIÐ HEFUR VERIÐ MIKIÐ ENDURNÝJAÐ NÝLEGA OG ER Í AFAR GÓÐU ÁSTANDI.**

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR GUÐMUNDUR TH. JÓNSSON LÖGG. FASTEIGNASALI.**



### Krókamýri-Garðabæ.

Fallegt og vel skipulagt 200 fm einbýlishús með 24,2 fm innb. bílskúr. Fjögur rúmgóð herbergi, björt stofa með arni, borðstofa, eldhús með góðri borðaðstöðu og baðherbergi. **Húsið stendur innst í lokuðum botnlanga á rúmgóðri lóð. TILBOÐ ÓSKAST.**



### Melabraut- Seltjarnarnesi. Nýjar íbúðir

Fjórar glæsilegar íbúðir í nýju fjórbýlishúsi á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Íbúðirnar skiptast í anddyri/forstofu, hol, sjónvarpsstofu, 3 svefnherbergi, þvottaherb., geymslu og baðherbergi og skilast fullbúnar að utan sem innan en án gólfefna. Lóð og bílastæði skilast fullfrágengin. **Óskað er eftir tilboðum. Skipti á minni eign skoðuð .**



### Sunnubraut-Kópavogi. Einbýli á sjávarlóð

209,5 fm einlyft einbýlishús á sjávarlóð á móti suðri í vesturbæ Kópavogs. Húsið var allt endurnýjað árið 1989 á vandaðan og smekklegan hátt, m.a. allar innréttingar, gólfefni, allt gler og hluti glugga og raflagnir. Stórar stofur með gólfsíðum gluggum og 3 herbergi. Skjólgóð og ræktuð lóð með miklum veröndum. **Verð 89,0 millj.**



### Efstilundur -Garðabæ.

195,5 fm mikið endurnýjað einbýlishús að meðt. bílskúr vel staðsett við opið svæði. Eldhús með nýrri innréttingu og tækjum, stórt hol/sjónvarpshol, rúmgóðar stofur og endurnýjað þvottaherb. og baðherbergi. Ný gólfefni, flísar og parket. Stór verönd með skjólveggjum og heitum potti. **Laust fljótlega. Verð 49,9 millj.**



### Hofgarðar-Seltjarnarnesi.

Vel staðsett og vel skipulagt 193,7 fm einbýlishús á þessum eftirsótta stað. Stór og björt stofa með aukinni lofthæð, borðstofa, rúmgott eldhús, 3 herbergi og rúmgott baðherbergi. Mikil lofthæð í bílskúr. Hús nýlega málað að utan. **Skipti möguleg á minni eign á Seltjarnarnesi. Verð 54,9 millj.**



### Laugalækur.

Fallegt 155,7 fm raðhús á pöllum þ.m.t. bílskúr á þessum eftirsótta stað í Laugardalnum. Aukin lofthæð í stofu og svalir meðfram endilöngu húsinu. Verönd til suðurs. Hús nýlega málað að utan. Laust fljótlega. **Verð 39,5 millj.**



### 17 júní torg-Sjálandi Garðabæ

Glæsilegt 66 íbúða fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar fólki 50 ára og eldri. Um er að ræða 2ja og 3ja herb. íbúðir frá um 74,0 fm upp í um 131,0 fm. Bílageymsla fylgir flestum íbúðum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás og vönduð tæki. Húsið er klætt að utan að mestu með litaðri álklæðningu. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikn. og nánari uppl. á skrifstofu.



### Ásgarður.

115 fm endaraðhús, tvær hæðir og kjallari. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, 3 herbergi og baðherbergi auk þvottahúss/geymslu og 1 herbergi sem nýta mætti sem sjónvarpsherbergi. Baðherbergi, tæki í eldhúsi, rafmagn, skólplögn og hitastýrikerfi hefur verið endurnýjað. Suðurgarður, hellulagður að hluta. **Laust til afhendingar strax.**



### Lynghagi. Efri sérhæð

Glæsileg og vel skipulögð 145,8 fm efri sérhæð ásamt 22,7 fm bílskúr í tvíbýlishúsi á einum besta stað í vesturbænum. Hæðin er mikið endurnýjuð og skiptist m.a. í 2 samliggj. stofur, eldhús með nýlegum innréttingum og stórri eyju, 3-4 herbergi og endurnýjað baðherbergi. **Leiksvæði við húsið.Verð 53,9 millj.**



### Álfhólsvegur-Kópavogi. Neðri sérhæð.

Falleg og mikið endurnýjuð 134,2 fm 6 herb. neðri sérhæð í fjórbýli auk 23,8 fm sérstæðs bílskúrs. Nýjar innréttingar og tæki í eldhúsi, endurnýjað baðherbergi og ný gólfefni. Fallegt útsýni úr stofum yfir borgina til norðurs og til sjávar og útg. á suðursvalir. **Verð 34,9 millj.**



### Miðbraut-Seltjarnarnesi. Efri sérhæð.

Glæsileg 139,7 fm efri sérhæð ásamt tvöf. jeppaskúr. Hæðin skiptist í hol með miklum skápum, rúmgott eldhús með nýrri innréttingu, bjartar samliggjandi stofur, 3 góð herbergi og baðherbergi. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. **Glæsilegt útsýni að Snæfellsjökli, Reykjanesi og til sjávar.Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Verð 45,9 millj.**



### Lundur-Kópavogi. 3ja og 4ra herb. íbúðir.

Glæsilegar 118-160 fm 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir í vönduðum lyftuhúsum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás, tæki í eldhúsum frá AEG. Gólfhiti. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Stæði í bílgeymslu. Húsin er klædd að utan með álklæðningu og Sedrusviði. Byggingaraðili er Byggingarfél. Gylfa og Gunnars. Verðtilboð.



### Klapparstígur- Til leigu.

Til leigu 130,6 fm verslunar-/þjónustu-/sýningarhúsnæði á götuhæð og í kjallara við Klapparstíg. Húsnæðið hefur allt verið endurnýjað. Stórir gluggar og góð lofthæð.Nánari uppl. á skrifstofu.



### Skúlagata - til leigu.

Til leigu glæsilegar skrifstofuhæðir í nýlegu lyftuhúsi á frábærum útsýnisstað í miðborginni. Um er að ræða hálfa 2. hæð, alla 3. hæð og alla 4. hæð hússins, samtals 1.132 fm að stærð. Á 2. hæð er sameiginleg móttaka, 4 afstúkaðar skrifstofur og opið vinnurými. Á 3. hæð eru 9 afstúkaðar skrifstofur, móttaka, fundarherbergi og opin vinnurými. Á 4. hæð er stór salur með mikilli lofthæð sem nýttur hefur verið sem fundarsalur og mötuneyti með eldhúsi. Eignin getur leigst í heilu lagi eða hlutum.



### Skútuvogur - til leigu.

Til leigu 175 fm vörugeymsla á götuhæð með góðri aðkomu og innkeyrslu. Er í dag innréttað sem skrifstofuhúsnæði, 3 rúmgóðir salir, kaffiaðstaða, tækjaherbergi og salserni. Góð staðsetning og næg bílastæði. **Laust til afhendingar strax.**

## ELDRI BORGARAR



### Boðahlein-Garðabæ.

84,5 fm parhús fyrir eldri borgara á frábærum útsýnisstað við hraunið auk 22,0 fm bílskúrs.Björt stofa með útg. í nýjan sólskála og þaðan á verönd. Óhindrað útsýni yfir hraunið og til sjávar. Hús nýmálað að utan. **Verð 30,0 millj.**



### Skólabraut- Seltj. 2ja herb.

Glæsileg 2ja herb. 74,2 fm íbúð á efstu hæð (3. hæð) í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri auk 4,6 fm sér geymslu á hæðinni. Af svölum og úr stofu er fallegt útsýni yfir borgina, út á sjóinn og að Reykjanesi. Í húsinu er rekin þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara af Seltjarnarnesbæ. **Laus til afh. strax. Verð 22,9 millj.**



### Fjarðarsel.

Fallegt 240,4 fm endaraðhús að meðt. 62,5 fm sér 2ja herb. íbúð í kjallara og 26,2 fm innbyggð bílskúrs. Húsið er tvær hæðir og kjallari og skiptist m.a. í samliggjandi stofur, sjónvarpsstofu, eldhús, 2 - 3 herb. auk séríbúðar. Ræktuð lóð og hiti í innkeyrslu. Arkitekt: Kjartan Sveinsson. **Laust til afh. strax. Verð 42,9 millj.**



### Tómasarhagi. 3ja – 4ra herb.

Björt og vel skipulögð 87 fm 3ja - 4ra herb. íbúð á efstu hæð í fjórbýlishúsi auk rislofts yfir hluta íbúðarinnar. Bjartar samliggjandi stofur og tvö herbergi. Suðvestursvalir út af stofum með útsýni til sjávar. Ljóst parket á gólfum. **Verð 29,9 mill.**



### Ljósheimar. 4ra herb.

Góð 94,6 fm íbúð á 1. hæð auk 4,7 fm geymslu í kj. Rúmgóð stofa og 2 herbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir í vestur. Sér inngangur af svölum. Verð 21,5 millj.



### Álfheimar. 5 herb.

Falleg íbúð á efstu hæð með rislofti í góðu fjölbýli við opið svæði í Laugardalnum. 5 svefnherbergi. Þvottaaðst. í íbúð. **Eignin er í útleigu. Hagst. áhv. lán. Verð 26,9 millj.**



### Álfatún-Kóp. 4ra – 5 herb.

Glæsileg 100,7 fm útsýnisíbúð á efstu hæð auk 25,8 fm bílskúrs. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, innrétting og tæki í eldhúsi, baðherbergi, raflagnir o.fl. Rúmgóð og björt stofa með útgangi á skjólgóðar svalir til suðurs, eldhús/borðstofa í einu rými og 3 góð herbergi. Sameiginlegt þvottaherbergi á hæðinni. **Verð 25,5 millj.**



### Ásakór – Kópavogi. 5 herb.

154 fm íbúð á 3. hæð auk bílskúrs í nýju lyftuhúsi. Stofa og eldhús í opnu rými og 4 rúmgóð herbergi. Tvennar rúmgóðar og flísalagðar svalir. Gott útsýni. **Skólar, íþróttir og verslun í göngufæri. Laus til afh. strax. Verð 34,9 millj.**



### Engihjalli-Kópavogi. 4ra herb.

107,9 fm íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Vestursvalir. Sameiginl. þvottaherb. á hæðinni og sér geymsla í kj. **Laus við kaupsamning. Öll þjónusta og skólar í göngufæri. Verð 19,5 millj.**



### Melalind-Kópavogi. 2ja herb.

Mjög góð 98,6 fm íbúð á jarðhæð með verönd til suðvestur. Svefnherbergi með góðu skápaplássi. Þvottaaðstaða á baðherbergi og sér geymsla innan íbúðar. **Skóli og öll þjónusta í göngufæri. Verð 23,9 millj.**



### Vallarás. 2ja herb.

57,5 fm íbúð á 2. hæð í góðu steiniklæddu lyftuhúsi. Góðar suðursvalir. Útsýni. Merkt bílastæði. **Laus til afh. strax. Áhv. hagstætt lán. Verð 13,5 millj.**



### Reynimelur. 4ra herb.

87,7 fm endaíbúð á 2. hæð auk 4,5 fm geymslu í kj. Gluggar í 3 áttir og svalir til suðvesturs. Stutt í skóla, sundlaug o.fl. **LAUS STRAX. Verð 19,9 millj.**



### Bergstaðastræti. 3ja herb.

Vel skipulögð og björt íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi á þessum frábæra stað í Þingholtunum. Endurnýjað baðherbergi og uppgerð innrétting í eldhúsi. Hús nýlega málað og viðgert að utan. Falleg ræktuð suðurlóð. **Verð 23,9 millj.**



### Grettisgata. 3ja herb.

Nýuppgerð risíbúð í góðu steinhúsi auk sér geymslu í kj. Góð lofthæð í stofu. Sérsmíðuð innrétting í eldhúsi. 2 herbergi, bæði með skápum. Glæsilegt útsýni er frá íbúðinni bæði til norðurs og suðurs. **Verð 23,9 millj.**

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

### Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S.892 7260 & 567 0530**

## Tölvur

### Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

## Nudd

LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME 8476555

TANTRIC WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME 8698602

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlagalínan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

**Spálínur Sjáandans**
**Opið virka daga**
**Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim**

**Sibba 908 2507 kl. 22-24**

**Spádómar og ráðgjöf**

**Steinunn s. 908 6060**
Tarot, miðlun, fyrirbænir, trúnaður.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið frá 12-23
S. 894 9228 Steinunn
visa/euro

### Dulspekisíminn 908-6414
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

### 661 3839 - Símaspá
Er við í dag frá 12-18.

**ALLT HEIMILI**
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúm;
Jóna María
512 5473
Hugi
512 5447

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

### smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Hágæða sláttutraktórar**

Garden Combi sláttutraktór
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 - Kópavogi - Sími 564 1864

Til sölu vegna flutninga 4 borðstofustólar úr leðri, eldhúsborð úr furu m/4 stólum, hvítur 2 sæta sófi og uppþvottavél, allt frekar nýlegt. Einnig ýmis handverkfæri. Uppl. í s. 866-4108

Til sölu kvenfatnaður, notuð föt í stórum stærðum. Mjög ódýr. Útiföt, mokkajakki, úlpur & fl. uppl. S: 445 8787 & 865 5524

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

## Tölvur

### Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

### ALNUDD - TILBOÐ KR. 3.500.-
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-

slökunarnudd,Svæðanudd, sjúkranudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

### Tantric Massage of Sacred touch
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SCHOOL ICELANDIC**

### Enska fyrir börn ANGIELSKI dla Poloków Icelandic
Level I: 4 weeks Md to Fr; 18-19:30, Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 4/8. Level III: 4 weeks 10-11:30 start: 4/8. Level IV: 4 w. Md to Fr19:45-21:15 st: 4/8. ENSKA f. börn: 2 vikur: 5-8 ára: Md-Fös 10:00-11:00. 9-12 ára; 11:15-12:15: 4/8, 17/8. ANGIELSKI dla POLOKÓW: start 31/8: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30, Level II: 19:45-21:15. Ármúli 5, s.5881169. Fullorðinsfræðslan,www.icetrans.is

### SIGLINGANÁMSKEIÐ
Skemmtilegt námskeið fyrir börn og fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Til sölu litlir og sætir Chihuahua hvolpar undan verðlaunatík. Uppl. í s. 772 2372.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

### NULL
Laxamaðkar til sölu. uppl. í S. 892 0240.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga**

**/ Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

ROOMS FOR RENT WITH FURNITURE IN 109 BREIÐHOLT AND IN 111 BREIÐHOLT 8973611

til leigu 3 herbergja risíbúð í keflavík á besta stað við hliðina á bæði grunnsk og fjölb .s.8464483 . v. 50þ.pr.mán

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Raðhús til leigu á svæði 112 til langtíma. Rólegt og barnvænt hverfi. Allar upplýsingar gefnar í síma 6950061

TIl leigu 5 herbergja íbúð í Krummahólum. Verðhugmynd 130-150 þúsund á mánuði. Upplýsingar í síma 840 0955.

Björt og hlýleg 2 herb. íbúð í breiðholti til leigu, laus fljótlega. V. 90 þús. S. 865-3902

## Húsnæði óskast

Nemi með barn vantar íbúð a rvk s. öruggar greyðslur, reyklaus, drekk ekki. Til í Kaupleigus. Skoða allt saman! 7713455-Dpoints55@hotm..

Óskum eftir 5 herb. íbúð í 112 Rvk. til leigu. Erum reglusöm, skilvís og heiðarleg. Vinsamlegast hafið samband í síma: 862-6462- Ósk

## Geymsluhúsnæði

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við að starfsmönnum á lager. Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

**Járniðnaðarmenn**
**Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni.**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

Fasteignafélag í miðbænum vantar 2 laghenta menn í fullt starf. Þarf að geta hafist störf strax. uppl. halldor@hofudborgin.is

Handflakari óskast. Lítið fyrirtæki á Grandanum í Rvk. óskar eftir vönum handflakara í framtíðarstarf. Uppl. gefur Karl s. 618 4904.

### Aðstoðarmaður í Blikksmiðju!
Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

Túlkaþjónusta óskar eftir fólki með góða íslenskukunnáttu og 2.tungumál. Ferilskrá sendist á sandra@jafn.is

### Sölumenn 20-35 ára
Tal óskar eftir sölumönnum á aldrinum 20-35 ára í kvöldvinnu við símsölu. Tímakaup og góðir bónusar. Góðir tekjumöguleikar. Hafið samband á email: hannes@tal.is

Vant prjónafólk óskast, íslensk ull. Borgað eftir stykki. rebekkaj@gmail.com.

Vantar laghendann mann, vanann logsuðu tækjum og minniháttar bílaviðgerðum. Uppl. í s. 699 3737.

## Atvinna óskast

Lærður MÚRARI óskar eftir fastri vinnu. Er með mikla reynslu bæði innanhúss sem utan. uppl. í síma : 867-6698

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**KÓPAVOGSBÆR**

**LINDASKÓLI**

**Lindaskóli auglýsir eftir kennara á miðstigi og í afleysingum.** Um er að ræða fullt starf.

Upplýsingar um starfið gefur skólastjóri, Sigfríður Sigurðardóttir, í síma 867-7120 eða á netfangi *sigfridurs@lindaskoli.is*.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

*www.kopavogur.is job.is*

## Færanleg kennslustofa

Garðabær auglýsir til sölu færanlega kennslustofu.

Húsið er smíðað af SG húsum á Selfossi árið 1997 og er 78,7 fm að flatarmáli.

**Söluverð er 6 milljónir króna.**

Nánari upplýsingar gefa:
Gísli Valdimarsson, gisli@gardabaer.is og Gústaf Jónsson,gustaf@gardabaer.is, í síma 525 8500.

GARÐABÆR
Þjónusta til þín
www.gardabaer.is Tækni – og umhverfissvið

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Óska eftir að kynnast konu á aldrinum 45-55 ára. uplýsingar í síma 8929512

Giftingarhringur fannst á bifreiðastæði göngufólks á Móskarðshnjúka. Sími 863 0631.

Er að fara í frí og langar að kynnast konu sem ferðafélaga. Er sjómaður á besta aldri. Aldur skiptir ekki máli. Allt frítt. Uppl. í s.662 4129

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



HEIMURINN
ÞARF STÆRRI
HETJUR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI!
FRUMSÝND 5. ÁGÚST
WALT DISNEY PICTURES AND JERRY BRUCKHEIMER FILMS PRESENT
G-FORCE
SÝND Í DISNEY DIGITAL 3D Í VÖLDUM KVIKMYNDAHÚSUM MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
Vinningar afhentir í ELKO Lindum.149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
SMS LEIKUR
SJÁÐU MYNDINA SPILAÐU LEIKINN!
SENDU SMS ESL GFV
Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru: Bíómiðar á myndina · Tölvuleikurinn
Varningur tengdur myndinni · Fullt af Pepsi
DVD og margt fleira!
BÍÓMIÐI
G-FORCE
9. HVER VINNUR!

**BARACK OBAMA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1961.**



*„Við þurfum að tileinka okkur nýjan hugsunarhátt og annað viðhorf. Ein skaðlegasta afleiðingin frá tíma mismununar er að við höfum látið innræta okkur ákveðin höft.“*

***Barack Hussein Obama yngri er 44. forseti Bandaríkjanna, kjörinn forseti árið 2008 og fyrrverandi fulltrúi Illinois í öldungadeild bandaríska þingsins.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. ÁGÚST ÁRIÐ 1796

## *Hannes Finnsson biskup andast*



Hannes Finnsson Skálholtsbiskup andaðist á þessum degi árið 1796.

Hannes fæddist í Reykholti í Borgarfirði 8. maí árið 1739, sonur prestshjónanna þar, séra Finns Jónssonar, sem síðar varð biskup í Skálholti, og Guðríðar Gísladóttur.

Hannes útskrifaðist sextán ára úr Skálholtsskóla 1755 og hélt um sumarið til guðfræðináms við Hafnarháskóla. Embættispróf í guðfræði tók hann 1763. Á þeim tólf árum, sem Hannes dvaldist samfleytt í Kaupmannahöfn, kynntist hann mörgum helstu fræðimönnum Danmerkur.

Hannes sneri heim í Skálholt til aðstoðar föður sínum við ýmis fræðistörf árið 1767. Hann hélt aftur til Kaupmannahafnar 1770 og dvaldi þar næstu árin við störf í íslenskum fræðum.

Hannes var vígður aðstoðarbiskup til Skálholts 1777. Finnur lét af embætti árið 1785 og var Hannes þá einn biskup. Árið áður höfðu Suðurlandsskjálftar lagt Skálholtsstað meira og minna í rúst og átti að flytja biskupsstólinn til Reykjavíkur. Hannes keypti þá Skálholtsstað og fékk að sitja þar áfram sem hann og gerði til æviloka.

Hannes dó hinn 4. ágúst 1796 í Skálholti eftir skyndileg veikindi. Á síðustu æviárunum skrifaði hann tvö merkustu rit sín: Um mannfækkun af hallærum á Íslandi og Kvöldvökur.

### MERKISATBURÐIR

1796 Hannes Finnsson Skálholtsbiskup andast. Hann var einn menntaðasti Íslendingur sinnar tíðar. Af ritum hans má til dæmis nefna Um mannfækkun af hallærum á Íslandi.

1928 Ásta Jóhannesdóttir syndir frá Viðey til Reykjavíkur. Sundið tekur tæpar tvær klukkustundir og er um fjórir kílómetrar.

1984 Efri-Volta tekur upp nafnið Búrkína Fasó.

1993 Alríkisdómari dæmir tvo lögreglumenn frá Los Angeles í þrjátíu mánaða fangelsi fyrir að hafa brotið á réttindum Rodneys King.

2007 Phoenix, geimskipi NASA, er skotið á loft.

### AFMÆLI



**BILLY BOB THORNTON,** leikari og söngvari, er 54 ára.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON,** fjármálaráðherra og formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, er 54 ára.



**DANIEL DAE KIM** leikari er 41 árs.



**KURT BUCH** ökuþór er 31 árs.




†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór S. Gröndal**

fyrrverandi sóknarprestur,
Bræðraborgarstíg 18, Reykjavík,

lést á heimili sínu að morgni fimmtudagsins 23. júlí sl. Honum verður sungin sálumessa í Kristskirkju Landakoti miðvikudaginn 5. ágúst kl. 15.00.

**Ingveldur Lúðvígsdóttir Gröndal**
**Lúðvík H. Gröndal** **Kristbjörg Konráðsdóttir**
**Sigurbjörg H. Gröndal** **Ólafur Haukur Ólafsson**
**Hallgrímur H. Gröndal** **Sólveig Fanný Magnúsdóttir**
**Þorvaldur H. Gröndal** **Lára Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, uppeldisfaðir, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur, tengdasonur og frændi,*

**Njáll Skarphéðinsson**

Dofrakór 7, Kópavogi,

sem varð bráðkvaddur í sumarhúsi fjölskyldunnar föstudaginn 24. júlí, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju miðvikudaginn 5. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast Njáls er bent á reikning barna hans, 0328-13-300995, kt. 290972-3029.

**Hrefna Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
**Kjartan Hreinn Njálsson**
**Skarphéðinn Njálsson** **Unnur Ósk Rúnarsdóttir**
**Illugi Njálsson**
**Hrafntinna Njálsdóttir**
**Hallgerður Njálsdóttir**
**Jóhann Bjarni Kjartansson** **Borghildur Sverrisdóttir**
**Sigurbjörn Snævar Kjartansson** **Wichuda Buddeekham**
**Skarphéðinn Sveinsson** **Íris Bachmann Haraldsdóttir**
**Haraldur Skarphéðinsson** **Eygló Linda Hallgrímsdóttir**
**Sveinn Skorri Skarphéðinsson** **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Jóhann Guðjónsson.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**HÁTÍÐARHÖLD** Lindy Hop-hátíðin hefst formlega í dag og stendur yfir til 12. ágúst með tilheyrandi skemmtiatriðum, dansleikjum, tónleikum og öðrum uppákomum víðs vegar um borgina. Hakan Durak hefur, ásamt fleirum, skipulagt hátíðarhöldin.

**HAKAN DURAK:** STENDUR FYRIR FYRSTU SWINGDANS-HÁTÍÐINNI Á ÍSLANDI

# Bærinn tekur stakkaskiptum

„Við byrjum þetta með svakalega flottri skrúðgöngu, þarna verður dixieland-band, stór hópur listamanna, læti og heilmikið stuð,“ segir Hakan Durak, stofnandi Lindy Ravers eina starfrækta Lindy Hop-félagsins á landinu, sem stendur á bakvið fyrstu alþjóðlegu swingdanshátíðina á Íslandi sem hefst formlega á Austurvelli í dag klukkan 17.

Viðbúið er að bærinn taki stakkaskiptum þegar um 100 erlendir dansarar frá 21 landi, þar á meðal Ástralíu, Bandríkjunum, Englandi og Rússlandi, ríða á vaðið. Er þá óupptalinn sá fjöldi íslenskra dansara sem verður með, en að sögn Hakans hefur þeim fjölgað gífurlega síðan dansinn skaut rótum hérlendis fyrir um þremur árum síðan. „Ætli þeir séu ekki komnir hátt upp í hundrað,“ segir hann og kveður aukninguna meðal annars ástæðu þess að ákveðið var að halda fyrstu swingdans-hátíðina á Íslandi með jafn mikilli viðhöfn.

Að sögn Hakans á Lindy Hop upptök sín í Harlem í New York þar sem farið var að dansa það á þriðja áratug síðustu aldar. „Dansinn náði vinsældum í kjölfar kreppunnar,“ útskýrir hann og bætir við að Lindy Hop hafi þó næstum þurrkast út með tilkomu rokksins í kringum 1950. „Það var í raun ekki fyrr en bandið Rythm Hot Shots notaði dansinn í myndbandi á níunda áratugnum að hann varð aftur umtalaður, fyrst í Svíþjóð þaðan sem hljómsveitin kemur.“

Hakan segir að í kjölfarið hafi vinsældir dansins breiðst út að nýju og nú sé talið að iðkendur Lindy hops skipti tugum þúsunda um gjörvallan heim. „Eitt einkenni á dönsurunum er að þeir flakka heimshorna á milli, dansa, deila reynslu sinni og skemmta sér,“ segir Hakan, sem er sjálfur frá Tyrklandi en settist hér að árið 2000 og stofnaði Lindy Ravers í kringum 2007. En hvað heillaði Hakan við þetta dansform?

„Þetta er svo ólíkt öðru sem ég hef dansað áður, krefst mikillar líkamsorku og er bæði hressandi og afslappandi. Svo finnst mér tónlistin, djassinn, alveg ótrúlega heillandi,“ svarar hann og nefnir til sögunnar þekkta tónlistarmenn á borð við Ellu Fitzgerald og Duke Ellington. „Enda er hátíðin einnig ætluð djassunnendum sem hafa gaman að swingtónlist. Til marks um það verða yfir tíu tónleikar með vinsælum íslenskum og bandarískum hljómsveitum og plötusnúðum frá Svíþjóð, Ástralíu, Englandi og Tyrklandi meðan á hátíðinni stendur,“ bendir hann á og hvetur sem flesta til að mæta í dag. „Það verður enginn svikinn um fjör.“

Dagskrána í heild sinni má nálgast á vefsíðunni www.articlindy.com.

**roald@frettabladid.is**

# Gáfu nýjar skólastofur í Namibíu

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, skammstöfuð ÞSSÍ, afhenti í vikunni sýsluyfirvöldum í Ohangwena-sýslu í Namibíu þrjár nýjar skólastofur í nýjan grunnskóla fyrir heyrnarlaus börn. Skólastofurnar eru þær fyrstu í Usko Nghaamwa-skólanum í bænum Eenhana.

Að sögn Vilhjálms Wiium, umdæmisstjóra ÞSSÍ í Namibíu, hófst leikskólastarf á staðnum árið 2006 þegar foreldrar heyrnarlausra barna settu slíkan skóla á laggirnar. „Menntamálayfirvöldum í sýslunni þótti framtakið þess virði að styðja það, ákváðu að taka við rekstrinum og breyta leikskólanum í grunnskóla. Skólastarfið hófst í janúar og þá voru tekin inn börn í forskóla og fyrsta bekk. Síðan verður bætt við nýjum bekk árlega.“

Hann segir stuðning ÞSSÍ felast í þriggja mánaða þjálfun kennara í táknmáli, tjöldum sem notuð voru sem bráðabirgðahúsnæði og byggingu skólastofanna. „Heimamönnum þykir með ólíkindum að fólk frá landi langt í burtu skuli veita samfélaginu svona stuðning og eru þakklátir,“ segir Vilhjálmur, sem afhenti lyklana við athöfn þar sem skólabörn sýndu dansa og önnur skemmtiatriði.



**Í NAMIBÍU** Nokkrir heyrnarlausir nemendur fyrir framan skúrinn sem leikskólastarfsemin hófst í.



ASPIRE one
751
FISTÖLVA
MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI
9
TÍMAR
RAFHLAÐA ENDIST Í 9 TÍMA
SPILAR ALLAR HELSTU HD MYNDIRNAR
HD
1366X768
720P HD AFSPILUN
GLÆSILEGA HÖNNUÐ FISTÖLVA
1.3KG
FISLÉTT
ÞÆR GERAST VARLA NETTARI
acer
ASPIRE one
Nýjasta og flottasta fis-fartölvan í dag, aðeins 1.3kg og með alvöru HD 1366x768 upplausn í 11.6" LED LCD örþunnum skjá
• Intel Atom Z520 1.33Ghz örgjörvi
• 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
• 160GB 5400RPM SATA harðdiskur
• 11.6" CineCrystal 1366x768 LED skjár
• 54Mbps þráðlaust net, netkort ofl.
• Glæný rafhlöðutækni allt að 9 tímar
• 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
• Microsoft Works ritvinnsla ofl.
• Windows XP Home SP3
84.900
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

74%

34%




**Fréttablaðið stendur upp úr**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# „Verslunarmannahelgarveikin“

Þegar ég var stödd í faðmi fjölskyldunnar um helgina fórum við að rifja upp verslunarmannahelgar fyrri ára. Þá barst auðvitað fljótt í tal árið sem ég var í fýlu heila helgi. Þó ég vilji meina að ég hafi verið nokkuð viðráðanlegur unglingur braust fram í mér svokölluð „verslunarmannahelgarveiki“ sem lýsti sér í því að ég gat ekki sagt skilið við vini mína, sérstaklega ekki þessa tilteknu helgi. Vinirnir voru miðpunktur alheimsins, ég varð að vera með þeim öllum stundum og mátti ekki missa af neinu. Verslunarmannahelgin þegar ég var fjórtán ára og fjölskyldan ákvað að fara í sumarbústað varð því vægast sagt erfið. Allir vinirnir ætluðu að vera í bænum, en ég mátti auðvitað ekki vera ein eftir heima svo ég fór með mömmu og pabba upp í bústað í mestu fýlu sem ég hef upplifað. Þau gátu ekki annað en hlegið að þessum mótþróa í mér, en mér var langt í því frá skemmt og fannst þetta vægast sagt glötuð helgi. Árið eftir jókst svo þrýstingurinn á foreldra mína til muna. Ég hreinlega varð að komast í Galtalæk, þangað sem allur vinahópurinn ætlaði. Mamma bauðst þá til að fara með okkur vinkonunum og eftir að hún lofaði að tjalda í ákveðinni fjarlægð var það samþykkt og helgin heppnaðist vel. Loks kom svo að því að ég varð nógu gömul til að fara ein með vinunum á útihátíð. Þá var ferðinni heitið á hina alræmdu Eldborgarhátíð. Þrátt fyrir mörg leiðinleg atvik sem komu þar upp urðum við ekki vör við neitt og skemmtum okkur konunglega.



Með tímanum hvarf þessi spenna í kringum verslunarmannahelgina, en það var skondið að hugsa til baka um helgina sem ég eyddi í félagsskap foreldra minna og hefði ekki getað verið betri.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > Gott að hafa Gumma Ben

Það hefur reynst Val og KR afar vel að hafa Guðmund Benediktsson sín megin í innbyrðis bikarleikjum félaganna síðustu árin og það sannaðist enn einu sinni á sunnudaginn. Guðmundur Benediktsson hefur leikið fimm innbyrðisbikarleiki milli erkifjendanna KR og Vals og hefur verið í sigurliðinu í öll skiptin. Það hefur verið miklu betra að hafa Guðmund með sér en að vera á heimavelli því fjórir af þessum fimm leikjum hafa unnist af útiliðinu. Guðmundur hefur skorað fjögur mörk í þessum fimm leikjum þar af í öllum þremur leikjunum sem hann hefur spilað með KR á móti Val í bikarkeppninni.



sport

sport@frettabladid.is

**BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA:** VAR Í STUÐI UM VERSLUNARMANNAHELGINA OG SKORAÐI TVÖ GEGN VAL

# *Mikið sjálfstraust komið í leikmannahópinn*

„Við leggjum mikið upp úr bikarkeppninni, sérstaklega þar sem FH er búið að stinga af í deildinni. Þetta var mjög sætt og skemmtilegt. Eftir að við töpuðum fyrir þeim í deildinni um daginn vorum við ákveðnir í að gera betur,“ segir Björgólfur Takefusa, sóknarmaður KR.

Vesturbæjarliðið er komið í undanúrslit VISA-bikarsins eftir góðan 3-1 útisigur á Val á sunnudag. Valsmenn höfðu forystu í hálfleik eftir mark Bjarna Ólafs Eiríkssonar en KR-ingar sneru við taflinu og skoruðu þrívegis í seinni hálfleiknum, tvö markanna voru frá Björgólfi.

„Liðið er farið að leika mjög skemmtilegan, árangursríkan og léttan bolta,“ segir Björgólfur. Tímasetningin á leiknum var ansi óvenjuleg enda ekki venjan að leikið sé um verslunarmannahelgi. Vegna árangurs KR í Evrópukeppninni þurfti hins vegar að bregða út af vananum. Margir bjuggust við dræmri mætingu á leikinn enda stór hluti landsmanna á faraldsfæti en svo var aldeilis ekki.



„Mætingin var bara algjörlega frábær, full stúka og stemningin frábær. Það kom á óvart hvað þetta var allt skemmtilegt. Við komum með jákvætt hugarfar í þennan leik en Valsmenn voru pirraðir. Við tókum þessum leik fagnandi enda erum við að fara að leika gegn Basel eftir nokkra daga,“ segir Björgólfur.

KR leikur í Sviss á fimmtudagskvöldið en fyrri leikurinn endaði með jafntefli 2-2.

„Fyrirfram búast allir við því að við munum skíttapa þessum leik. En það héldu líka allir að við myndum tapa fyrir Larissa og tapa þessum fyrri leik gegn Basel. Við erum bara búnir að vera að leika feikilega vel í þessum Evrópuleikjum. Það er mikið sjálfstraust komið í hópinn og við erum spenntir og bjartsýnir,“ segir Björgólfur.

Dregið verður í undanúrslit bikarsins á morgun en auk KR verða Keflavík, Fram og Breiðablik í pottinum.



**MEISTARI Í ANNAÐ SKIPTI** Björgvin Sigurbergsson vann mótið einnig fyrir átta árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### ÞRÓUN EINVÍGISINS Á NESINU Í GÆR:

1. hola: Stefán Már Stefáns., GR féll út
2. hola: Valdís Þóra Jónsdóttir, GL
3. hola: Signý Arnórsdóttir, GK
4. hola: Heiðar Davíð Bragason, GR
5. hola: Steinn Baugur Gunnars., NK
6. hola: Magnús Lárusson, GKj
7. hola: Alfreð Brynjar Kristinss., GKG
8. hola: Guðm. Rúnar Hallgrímss., GS
9. hola: Ólafur Björn Loftsson, NK

Sigurvegari: Björgvin Sigurbergss., GK

**Höggleikurinn fyrr um daginn**

| | |
|---|---|
| 1. Björgvin Sigurbergsson, GK | -6 |
| 2. Ólafur Björn Loftsson, NK | -5 |
| 3. Magnús Lárusson, GKj | -3 |

# Björgvin vann Einvígið á Nesinu

**Íslandsmeistarinn og heimamaðurinn Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum endaði þriðja árið í röð í öðru sæti á hinu árlega góðgerðamóti á Nesinu eftir bráðabana á móti Björgvini Sigurbergssyni úr Keili.**

**GOLF** Einvígið á Nesinu fór fram í þrettánda sinn í gær og tókst frábærlega enda veðurblíðan mikil, fullt af fólki að horfa á og nóg af tilþrifum frá þeim tíu kylfingum sem tóku þátt í góðgerðarmótinu. Björgvin Sigurbergsson úr Keili endaði Íslandsmótið um síðustu helgi í miklu stuði og tók upp þráðinn í gær. Hann spilaði frábærlega í höggleiknum og tryggði sér síðan sigur í „shootout“-keppninni eftir hörkukeppni við heimamanninn Ólaf Björn Loftsson.

„Ég hef keppt alltaf nema einu sinni þannig að ég er búinn að vera hérna mjög oft. Ég hef farið langt í öll skiptin nema að ég datt út á fyrstu í fyrra. Maður þurfti því að standa sig betur í dag,“ sagði Björgvin Sigurbergsson sem vann Einvígið einnig fyrir átta árum. „Ég spilaði höggleikinn mjög vel og hélt því áfram í útsláttarkeppninni,“ sagði Björgvin sem spilaði níu holur á 30 höggum eða sex undir pari. „Ég átti pútt fyrir 29 höggum og það hefði verið gaman að setja það í. Það er gaman að taka þátt í þessu. Þetta er öruvísi mót og það er létt yfir þessu,“ sagði Björgvin.

Á lokaholunni virtist Ólafur vera í betri stöðu, en Björgvin spilaði vel úr sínu og hafði síðan betur í sérstökum bráðabana eftir að högg Ólafs fór í glompu. Þeir fengu þá báðir högg úr sömu erfiðu stöðu og sá bar sigur úr býtum sem komst nær holu.



**TIL HAMINGJU** Ólafur Björn Loftsson óskar Björgvini Sigurbergssyni til hamingju með sigurinn eftir bráðabanann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta var mjög erfitt högg með vindi og yfir glompuna. Ég hitti hann ekki alveg hreint þannig að hann rúllaði aðeins lengur en ég ætlaði. Og lenti nokkurn veginn á þeim stað sem ég ætlaði að láta hann lenda. Ólafur átti eftir að slá og þetta var mjög erfitt högg. Ef þú bæðir mig um að gera það aftur þá væri ég ekki viss um að ég gæti það,“ sagði Björgvin. Högg Ólafs var of stutt og hann endaði í glompunni fyrir framan flötina. Það mátti heyra andköf áhorfenda þegar höggið datt í glompuna enda margir Nesklúbbsmenn mættir til að styðja sinn mann.

Nesklúbbsmenn þurftu því þriðja árið í röð að sjá sinn mann rétt missa af sigrinum. „Ég hélt að ég væri með þetta en það vantaði örlítið upp á í þessu vippi hjá mér,“ sagði Ólafur Björn Loftsson en bætti við:

„Ég er mjög ánægður. Þetta er líka svo skemmtilegt mót að það er ekki hægt annað en að hafa gaman af þessu,“ sagði Ólafur.

„Maður finnur auðvitað fyrir pressu en ég hef mjög gaman af því að spila fyrir áhorfendur, vini og fjölskyldu og þetta er eitt af uppáhaldsmótunum mínum á hverju ári. Ég er ágætur í stutta spilinu þannig að það hentar mér vel að spila svona „shootout“. Ég spila líka oftast vel í þessu móti af því að mér finnst svo gaman að þessu móti,“ sagði Ólafur sem er ekki hættur við að reyna að vinna Einvígið og ætlar að mæta aftur á næsta ári.

„Ég held bara áfram að reyna og vonandi tekst mér bara að vinna þetta á næsta ári,“ sagði Ólafur.

Mótið er haldið til styrktar langveikum börnum og er DHL aðalstyrktaraðili mótsins Að þessu sinni var það Umhyggja, Félag til stuðnings langveikum börnum sem fékk styrkinn, eina milljón króna.

ooj@frettabladid.is

Indriði Sigurðsson er farinn frá botnliði Lyn:

# Kynntur sem leikmaður Viking í dag

**FÓTBOLTI** Norska félagið Viking frá Stafangri tilkynnti í gær að það hefði náð að samkomulagi við Lyn um kaupverð á íslenska landsliðsmanninum Indriða Sigurðssyni.

Indriði mun gangast undir læknisskoðun í dag og mun síðan skrifa undir samning við Viking sem situr í sjöunda sæti norsku úrvalsdeildarinnar. Hjá Viking er fyrir annar Íslendingur, hinn ungi Birkir Bjarnason.

Mikil vandræði eru í gangi í herbúðum Lyn en á dögunum seldi félagið annan Íslending, Theodór Elmar Bjarnason til Svíþjóðar. Félagið á í gríðarlegum fjárhagserfiðleikum. Leikmenn hafa þurft að taka á sig launalækkun og til að spara hafa þeir sjálfir séð um að þvo æfingafötin sín. Þá hefur gengið inni á vellinum ekki verið gott, liðið situr í botnsæti deildarinnar og fall blasir við.

Indriði er í miklum metum í norska boltanum en hann hefur leikið virkilega vel í hjarta varnarinnar hjá Óslóarliðinu. Þegar ljóst var að Lyn þyrfti að selja leikmenn beindist kastljósið að Indriða enda talinn einn stærsti bitinn hjá félaginu. Vålerenga, Odd Grenland og Íslendingaliðið Brann höfðu öll sýnt honum áhuga. Hann á 44 landsleiki að baki og lék 78 leiki fyrir Lyn frá 2006-8.

Einn Íslendingur er eftir í herbúðum Lyn en það er markvörðurinn Arnar Darri Pétursson sem er 18 ára. Hann hefur verið varamarkvörður en stóð í marki Lyn í gær þegar liðið gerði 2-2 jafntefli við Brann. Hinir markverðir félagsins hafa yfirgefið það.

- egm



**FARINN Í VIKING** Indriði Sigurðsson hefur yfirgefið herbúðir Lyn.




NÝTT Í BÍÓ!




500 kr.
allar myndir
allar sýningar
alla þriðjudaga
allt sumar
Gildir ekki í lúxussal, Borgarbíó né á 3D myndir

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EXTREME MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 | 14 |
| EXTREME MOVIE LÚXUS | kl. 4 - 6 | 14 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 8 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D (850) | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| B13 - ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.15 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PROPOSAL | kl. 1:30 - 3:15D -3:40 - 5:30D 5:50 - 8D - 10:30D - 11D | L |
| THE PROPOSAL | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10:10 | 10 |
| BRUNO | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 | 10 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE PROPOSAL | kl. 3:20D - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2:30D - 5:30D - 8:30D | 10 |
| BRUNO | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 4 - 6 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE PROPOSAL | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 - 8 | 7 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |


# Endurlit til fortíðar í Iðnó

Ferðaleikhúsið Light Nights hefur síðan 1970 skemmt ferðamönnum sem og Íslendingum. Í ár er boðið upp á Visions from the Past í Iðnó alla mánudaga og þriðjudaga.

„Það eru átján atriði á dagskrá. Það er ýmislegt forvitnilegt, líka fyrir Íslendinga,“ segir Kristín G. Magnús leikstjóri. Þar má nefna myndir frá Imperial War Museum í Bretlandi af veru Breta á Íslandi í heimstyrjöldinni síðari. „Það sýnir að það var alveg prýðis samkomulag á milli Breta og Íslendinga. Það er svo margt sem gengur í hringi, þá var kreppa, nú er kreppa. Sem betur fer er ekki heimsstyrjöld.“

Auk Kristínar leikur Ólafur Þór Jóhannesson og Perla Ósk Hjartardóttir dansar. Sjálfstæði Íslendinga, Heklugos og hernám eru því meðal viðfangsefna sýningarinnar.

„Þetta er raunveruleg sýning um tímabilið frá 1936 til 1956. Þá var ýmislegt að gerast í okkar sögu,“ segir Kristín. Sýningin samanstendur af leikatriðum og ljósmyndum sem varpað er upp.

„Í fyrsta sinn í langan tíma er ég ekki að tala um þjóðsögur og svoleiðis, nema bara ég get ekki yfirgefið Djáknann, hann er okkar besta þjóðsaga að mínu mati. Þetta sýnir þjóðtrúna á þessum tíma. Við lásum ekki Harry Potter, en við lásum Galdra-Loft.“ Miðapantanir eru í síma: 551-9181. **- kbs**



**LITIÐ TIL BAKA** Perla, Kristín og Ólafur sýna listir sínar með Light Nights í Iðnó MYND/MAGNÚSPHOTOS

# NÓG KJÖT Á BEINUNUM

Voltaic er eins konar viðbót við Volta-plötuna sem kom út fyrir tveimur árum. Það eru nokkrar útgáfur í boði, en sú sem er hér til umfjöllunar er sú efnismesta. Hún er fjögurra diska og samanstendur af tveimur CD-diskum og tveimur DVD-diskum. Á öðrum DVD-disknum eru tónleikar Bjarkar frá Olympia í París 25. júní 2008 og fimm lög frá Langholtskirkjutónleikunum 26. ágúst í fyrra. Á hinum eru fimm myndbönd við lög af Volta, tvær stuttar heimildarmyndir og níu tillögur að myndböndum fyrir lagið Innocence sem voru sendar inn í samkeppni sem Björk stóð fyrir. Á CD-diskunum eru tónleikar teknir upp 25. júní 2007 í Olympic-hljóðverinu í London og tólf endurgerðir („remix“) af lögum á Volta.

Það er margt gott á upprunalegu Volta-plötunni þó að hún sé að mínu mati sísta sólóplata Bjarkar. Á Volta er ekkert stórt konsept heldur hitt og þetta, smá Timbaland-taktar hér, dúett með Antony Hegarty þar og svo framvegis. En tónleikaferðin sem fylgdi plötunni var frábær og sannaði enn einu sinni hvað Björk leggur mikið í tónleikahald. Það var þarft verk að gefa út upptökur frá henni og í þessum pakka eru þrennir tónleikar. Á tónleikunum úr Olympic-hljóðverinu heyrist vel hvað lúðrasveitarútsetningarnar sem einkenndu tónleikaferðina eru skemmtilegar. Auk helstu laga af Voltu eru þar m.a. Hunter, Army Of Me, All Is Full Of Love og Pagan Poetry. Á tónleikunum í hinu fornfræga og glæsilega Olympia-tónlistarhúsi í París er hljómsveitin búin að spila til prógrammið. Á þeim eru að hluta til önnur lög og þar er búið að fullkomna umgjörð tónleikanna; sviðsmynd og ljósasýningu.

Olympia-tónleikarnir eru frábærir og í raun þungamiðja Voltaic. Þar eru margir hápunktar, m.a. Hunter, Jóga, Army Of Me, Bachelorette, Hyperballad og Declare Independence. Það eru samt smá vonbrigði að aðeins 16 lög af þeim 21 sem voru á tónleikunum séu á disknum. Síðustu tónleikarnir eru svo Langholtskirkjutónleikarnir. Þeir voru mjög sérstakir og gaman að upplifa þá aftur. Það er skemmtilegt að bera þá saman við stórtónleikana í París. Í staðinn fyrir búninga og leisersjó er einföld lýsing og hlutlaus klæðnaður og í staðinn fyrir hávaða og læti er komin nördaleg innlifun þar sem raddirnar eru í aðalhlutverki.

Björk hefur alltaf verið dugleg að fá framsækna raf- og danstónlistarmenn til að búa til endurgerðir af lögunum sínum.

Volta var þar engin undantekning. Hér eru m.a. endurgerðir eftir Simian Mobile Disco, Modeselektor, Matthew Herbert og Ghostigital, margar þeirra frábærar. Sísti diskurinn í pakkanum er myndbandadiskurinn. Wanderlust-myndbandið er auðvitað snilld, en hin myndböndin eru undir meðallagi ef maður ber þau saman við fyrri myndbönd Bjarkar. Það er fínt að fá þau með í pakkann til að hafa heildarmyndina, en ég að minnsta kosti á ekki eftir að nenna að horfa mikið á þau.

Á heildina litið er Voltaic að langstærstu leyti frábær pakki fyrir Bjarkaraðdáendur. Þetta er mikið efni, en það er fullt af kjöti á beinunum. **Trausti Júlíusson**



**BJÖRK Á TÓNLEIKUM** Voltaic er frábær pakki fyrir Bjarkaraðdáendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TÓNLIST**
**Voltaic**
Björk
★★★★

Á Voltaic eru m.a. myndbönd og endurgerðir, en aðalatriðið eru þrennir flottir tónleikar frá Volta-tónleikaferðinni þar sem Björk, Wonderbrass og Jónas Sen fara á kostum.

# Tíundi áratugurinn í aðalhlutverki

„Við byrjuðum með tíunda áratuginn sem upphafspunkt og okkar upplifun á honum, en við erum sex leikarar í sýningunni sem vorum öll unglingar á þeim tíma,“ segir Erlingur Grétar Einarsson, einn af leikurum sýningarinnar Það dansar enginn við sjálfan sig. Sýningin er í leikstjórn Kolbrúnar Bjartar Sigfúsdóttur og verður frumsýnd á morgun í Hugmyndahúsi Háskólanna, þar sem Saltfélagið var áður til húsa. Verkefnið er styrkt af Ungu fólki í Evrópu og er hluti af artFart.

Æfingar hófust í júní og fór hópurinn þá í tveggja vikna æfingabúðir á Seyðisfirði. „Við vildum skoða þetta fyrirbæri sem tíundi áratugurinn var. Við unnum verkefni út frá stikkorðum eða þema og byggjum til heilt af efni utfrá hlutum eins og fyrstu ástinni og hvernig maður sá sig í hóp sem unglingur. Eftir því sem leið á æfingatímabilið breyttist þetta úr venjulega samsettri sýningu yfir í dansleikhús. Líkamleg tjáning tók við af orðunum og ég held að það sé ekki nema ein sena sem við tölum í,“ útskýrir Erlingur. „Áhorfendur verða leiddir um rýmið af aðstoðarmanneskju og hlutirnir gerast allt í kringum þá. Við viljum gefa þeim tilfinningu fyrir þessu ástandi, eða þemanu, og fara með þá á einhvern stað frekar heldur en að segja þeim sögu,“ bætir hann við. Sex sýningar verða á Það dansar enginn við sjálfan sig og er sú síðasta 18. ágúst, en aðeins fjórutíu manns komast á hverja sýningu svo áhugasömum er bent á að tryggja sér miða í gegnum britetheater@gmail.com. **- ag**



**DANSLEIKHÚS** Sýningin „Það dansar enginn við sjálfan sig“ verður sýnd í Hugmyndahúsi háskólanna og er sjónræn upplifun, byggð á tíunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Útsalan í fullum gangi!

ENN MEIRI

LÆKKUN!

Kringlunni • Sími 551 3200

next

> **Emily Blunt**

„Ég var svo feimin sem barn að ég þorði varla að tala. En ég fylgdist vel með öðru fólki og velti fyrir mér viðbrögðum þeirra og hegðun og það hefur hjálpað mér mikið sem leikkona.“

***Blunt leikur í myndinni The Jane Austen Book Club sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VERA EINARSDÓTTIR ÞOLIR EKKI FÓTBOLTASUÐ

# *Stórleikir allan ársins hring*

Ég hef aldrei átt auðvelt með að sitja lengi yfir sjónvarpinu og þá sjaldan sem ég lít upp frá húsverkunum og hlamma mér í sófann þá staldra ég stutt við. Þar sem ég sit og horfi yfir stofuna kem ég nefnilega yfirleitt auga á næsta húsverk sem þarf að ráðast í og fyrr en varir er ég farin að þurrka af eða moppa.

Þessi leiði ávani hefur orðið til þess að kvikmyndaþekking mín er af afar skornum skammti og eina sjónvarpsefnið sem ég er til viðræðu um er Friends og fréttir. Ég dauðöfunda fólk sem hefur eirð í sér til að horfa á heilu bíómyndirnar enda ákveðin hvíld í því fólgin auk þess sem margar skilja sitthvað eftir sig.

Engu að síður er sjónvarpið á mínu heimili nánast alltaf í gangi enda eitthvað vinalegt við það að heyra það



mala. Í seinni tíð er mér þó farið að leiðast hljóðið sem það gefur frá sér en því má helst lýsa sem níutíu mínútna löngu suði.

Bóndinn á heimilinu hefur lengst af stært sig af því að vera ekki einn af þessum körlum sem horfir á fótbolta daginn út og inn en eftir að aðgangur að íþróttastöðvum á heimilinu varð nánast óheftur þá hefur suðið ágerst til muna. Þegar skýringa á því er leitað er svarið jafnan að einhver stórleikurinn sé í gangi en svo virðist sem slíkir leikir séu sýndir viðstöðulaust allan ársins hring.

Ég, sem veit ekkert um það, tek skýringunum yfirleitt þegjandi og hljóðalaust en hljóðið fer þó einhverra hluta vegna í mínar allra fínustu taugar. Bóndinn hefur því stundum þurft að þola það að ég hreinlega slekk í miðju kafi og dreg hann með mér í húsverkin.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.00** The Jane Austen Book Club STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Style Her Famous SKJÁREINN



▶ **20.55** Bones STÖÐ 2



▶ **21.40** Love You to Death STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar** (55:65)

**17.52 Herramenn** (5:13)

**18.02 Hrúturinn Hreinn** (39:40)

**18.10 Íslenski boltinn** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Skólaklíkur** (Greek) (12:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.

**20.55 Óvænt heimsókn** (Uventet besøg: Taíland) (7:7) Sjónvarpskonan og blaðamaðurinn Camilla Ottesen heimsækir Dani í útlöndum.

**21.25 Sjálfstjórn á Grænlandi**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Uppljóstrarar** (The Whistleblowers) (1:6) Bresk spennuþáttaröð um lögfræðinga sem komast í hann krappan eftir að þeir verða vitni að ólöglegri handtöku lögreglunnar á meintum hryðjuverkamanni.

**23.15 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** Stutt samantekt frá keppni á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Sviss.

**23.35 Íslandsmótið í hestaíþróttum** (e)

**00.00 Kappar á Kaldármelum** (e)

**00.30 Kastljós** (e)

**01.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 A Little Thing Called Murder**

**10.00 Spin**

**12.00 Martian Child**

**14.00 Jesus Christ Superstar**

**16.00 A Little Thing Called Murder**

**18.00 Spin**

▶**20.00 The Jane Austen Book Club** Vinkonur stofna lestrarhóp til að ræða skáldsögur Jane Austen sem oftar en ekki endurspegla líf þeirra sjálfra.

**22.00 A Perfect Murder**

**00.00 Gattaca**

**02.00 From Dusk Till Dawn 3**

**04.00 A Perfect Murder**

**06.00 Prime**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Go Diego Go!, Maularinn og Tommi og Jenni.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (1:25)

**10.00 Doctors** (2:25)

**10.35 In Treatment** (5:43)

**11.05 Cold Case** (22:23)

**11.50 Gossip Girl** (19:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (247:260)

**13.25 American Dreamz**

**15.10 Sjáðu**

**15.35 Barnatími Stöðvar** Tutenstein, Ben 10, Go Diego Go! og Tommi og Jenni.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (11:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir** (1:1)

**18.54 Ísland í dag** (1:50)

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** Níunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

**19.45 Two and a Half Men** (17:24) Charlie er tilnefndur til auglýsingaverðlauna en ákveður að hunsa þau í mótmælaskyni við það að aðalkeppinauturinn virðist alltaf vinna til verðlaunanna.

**20.10 Notes From the Underbelly** (9:10) Í fyrstu seríu eignuðust Andrew og Lauren sitt fyrsta barn eftir ansi skrautlega meðgöngu en nú fyrst byrjar ballið - sjálft barnauppeldið.

**20.30 'Til Death** (10:15)

▶**20.55 Bones** (22:26) Dr. Temperance "Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

**21.40 Little Britain** (1:6)

**22.10 My Name Is Earl** (19:22)

**22.35 The Sopranos** (27:39)

**23.25 The Closer** (14:15)

**00.10 Infernal Affairs**

**01.45 American Dreamz**

**03.30 PTU**

**05.00 Little Britain** (1:6)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.05 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram í Georgia Dome höllinni í Atlanta.

**19.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**19.30 Sumarmótin 2009** Sýnt frá Rey-Cup mótinu en þangað mættu til leiks fjöldi drengja og stúlkna á öllum aldri.

**20.10 Kraftasport 2009** Sýnt frá Arnold Classic mótinu.

**20.55 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational en það var Hermann Hreiðarsson sem stóð fyrir mótinu.

**21.35 Timeless** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.

**22.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**22.55 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Augusta Masters-mótið.

**23.55 World Series of Poker 2008** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum mæta til leiks.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**18.30 PL Classic Matches** Blackburn - Liverpool, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.00 PL Classic Matches** Tottenham - Manchester Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.30 Goals of the Season 2007** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**20.25 Úrslit** Útsending frá úrslitaleiknum á Audi Cup.

**22.05 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**22.35 Liverpool - Aston Villa** Útsending frá leik Liverpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (8:48) (e)

**19.10 Family Guy** (9:18) (e)

**19.35 Everybody Hates Chris** (e)

**20.00 According to Jim** (3:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.

▶**20.30 Style Her Famous** (14:20) Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnurnar í Hollywood. Hann kennir þeim að klæða sig, mála, greiða og haga sér eins og uppáhaldsstjörnurnar þeirra. Að þessu sinni aðstoðar hann handlagna verkakonu að líta út eins og Scarlett Johansson.

**21.00 Design Star** (2:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Núna fara hönnuðurnir til Nashville í Tennessee þar sem þeir þurfa að hanna sitt eigið heimili. Að lokum er einn hönnuður sendur heim.

**21.50 The Dead Zone** (8:13) Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda.

**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (34:59) Penn & Teller leita sannleikans og afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.10 How to Look Good Naked** (e)

**00.00 CSI** (13:24) (e)

**00.40 Home James** (5:10) (e)

**01.10 Dr. Steve-O** (4:7) (e)

**01.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

**21.30 Reykjavík – Vestmannaeyjar – Reykjavík** Seinni hluti. Opinber heimsókn ÍNN til Vestmannaeyja. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson. (e)

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





6.– 9. ÁGÚST ▪ GLEÐIGANGAN LAUGARDAGINN 8. ÁGÚST

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.30**

### 'Til Death

Brad Garrett (Robert úr Everybody Loves Raymond) er hér á ferðinni í hressilegri gamanþáttaröð sem gerði góða hluti á Stöð 2 þegar hún var fyrst sýnd á síðasta ári. Garrett leikur sem fyrr fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús. En svo tókst með þeim hjónum ágætis vinskapur þar sem oft og iðulega verður deginum ljósara hversu ólíkum augum miðaldra hjón og ung hjón sjá hjónabandið, samskipti kynjanna og tilgang lífsins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Sjálfstjórn á Grænlandi**

**Sjónvarpið kl. 21.25**

Hátíð var á Grænlandi þann 21. júní er lög um stóraukna sjálfstjórn Grænlendinga gengu í gildi. Sjónvarpið sýnir í kvöld þátt þar sem m.a. er fylgst með þegar Margrét Þórhildur Danadrottning afhenti Grænlendingum nýju lögin við hátíðlega athöfn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Óvissuferð - allir velkomnir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Drottning hundadaganna
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarraddir
**21.20** Djassveisla í 20 ár
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**23.00** Gatan mín
**23.35** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (246:260)

**17.15 Hollyoaks** (247:260)

**17.40 The O.C. 2** (6:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**18.25 Seinfeld** (13:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**18.45 Hollyoaks** (246:260)

**19.15 Hollyoaks** (247:260)

**19.40 The O.C. 2** (6:24)

**20.25 Seinfeld** (13:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

▶**21.40 Love You to Death** (4:13) Í hverjum þætti er sögð dagsönn saga af sakamálum tengjast hjónum og ástríðuglæpum.

**22.05 So You Think You Can Dance** (14:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Allt byrjaði þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Að loknum prufunum komust tíu stelpur og tíu strákar áfram í sjálfa úrslitakeppnina.

**23.30 So You Think You Can Dance** (15:23)

**00.45 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**01.15 Fréttir Stöðvar 2**

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** After You've Gone **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** After You've Gone **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** Little Britain **20.00** Waking the Dead **20.50** Coupling **21.20** The Black Adder **21.55** EastEnders **22.25** The Weakest Link **23.10** Waking the Dead

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Aftenshowet med Vejret **10.40** Stemmer fra Cuba **11.35** Forandring på vej **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hovdingebold **14.05** Lucky Luke **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode Panter **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Lille Nord **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kær på tur **18.00** Så for sommer **18.30** Onskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Elizabeth I **21.15** Kodenavn Hunter **22.15** Dodens detektiver **22.35** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.50** Stor ståhei for ingenting **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Gronn glede **17.55** Smaken av Danmark **18.25** Kjære dagbok 1998 **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Extratrekning **20.30** Skilt! **21.00** Kveldsnytt **21.15** Farvel Falkenberg **22.45** Uventet besok **23.15** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Geocentrum **10.35** Mygg, mygg, mygg **11.40** Min vän Oscar **13.05** Högsta vinsten **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Med pukor och trumpeter **15.55** Anslagstavlan **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** AnneMat **16.45** Efter alla dessa år **17.00** Cirkusliv **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Foyle's war **20.35** Norsk attraktion **21.05** Upp till kamp **22.35** 1800-talet ut-och-in **23.15** Sändningar från SVT24


# UPPSKERAN ER ÁRANGUR*



**Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum**

* *97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.*

*99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.*

Öll Árangurs–námskeiðin eru byggð upp á svipaðan hátt nema með mismunandi áherslum.
Allar nánari upplýsingar á **hreyfing.is**

**Þú uppskerð árangur!**
Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun í að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

**HEFST 10. ÁGÚST**



## Árangur / 20+

**Komdu út úr vítahringnum – 8 vikna námskeið**
Nýttu þér áratuga reynslu okkar og losnaðu við aukakílóin fyrir fullt og allt. Námskeið fyrir konur sem vilja losna við 20kg+.
Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, léttri leikfimi, fyrirlestrum, fræðslu, stuðnings- og aðhaldsfundum, vigtun og fitumælingum. Tölvupóstur með stuðningi og fræðslu 5x í viku.
Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til frambúðar.
Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.

Mánud. miðvikud. og föstudaga kl. 19.30

Forgangsraðaðu, settu þig í fyrsta sæti.

Hefst 10. ágúst.
Verð 29.900 kr.

Umsjónarmenn:
Ágústa Johnson og Kristjana Ósk Sturludóttir, einkaþjálfari



**NÝTT!**

**Mótaðu líkama þinn á mettíma fyrir sumarið með Strive 1,2,3.**

4-vikur – 2x í viku.
Aðeins 40 mín í senn.
**Fyrir konur og karla.**

## Árangur / HRAÐFERÐ

Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur þér í toppform á mettíma.
Hámark 16 manns í hóp – mikið persónulegt aðhald og eftirfylgni.
Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.
Festu þér pláss strax í dag.
Skráning á www.hreyfing.is og í síma 414-4000

Hefst 10. ágúst.
Verð 14.900 kr.

Tímar: 10.00 þriðjud. og fimmtud.
17.20 mánud. og miðvikud.
18.10 mánund. og miðvikud.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Oftast kýs ég þögnina til að ná fullri einbeitingu. Stundum fer ég inn á iTunes radio og set á stöðvar á borð við Lounge-Radio eða Lounge FM. En þegar ég þarf kitla gleðitaugarnar með takti skelli ég á ABF Clubbing.“*

Arnaldur Sölvi Kristjánsson, verkefnisstjóri hjá Þjóðmálastofnun.

# Snæfríði Íslandssól blandað inn í Grease

„Við förum að pæla, af því að það er alltaf verið að setja upp Grease, hvað yrði um þetta fólk? Þá kom upp sú hugmynd að gera Grease tuttugu árum seinna,“ segir Vignir Rafn Valþórsson leikari og leikstjóri verksins Sporvagninn Grease sem Vér morðingjar setja upp í vikunni. „Svo kom einhver með þetta nafn, það var bara fyndið, smá afbökun á Sporvagninum Girnd. Svo þegar maður fór að skoða það verk með þeim gleraugum að þetta væru Sandy og Danny þá passar það bara ótrúlega vel.“

Í stað Blanche kemur Snæfríður Íslandssól í heimsókn. „Hún er táknmynd Íslands hjá okkur og þá aðallega góðærisins. Eins og Blanche í Sporvagninum kemur hún fram og segist vera svona og svona, svo kemur það í ljós að það er allt lygi. Hún er í ruglinu, sem er svolítið það sem við lentum í með þjóðina okkar. Við vorum bara í ruglinu og enduðum á geðveikrahæli eins og hún.“

Verkið er unnið hratt og hrátt líkt og uppsetningar þeirra á Bubba kóng og Hart í bak. „Við reynum að stela öllu, ef maður biður ekki um leyfi þá fær maður ekki nei.“ Leikarar eru Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Víkingur Kristjánsson, Hilmar Guðjónsson, Dagur Guðbrandsson, Ólafur Steinn Ingunnarson og Vigdís Másdóttir.

Sýningin er 8. ágúst og er hluti af artFart. -kbs



**HRATT OG HRÁTT** Vignir Rafn stýrir Oss morðingjum í uppsetningu á Sporvagninum Grease. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT**
**2.** slitna, **6.** utan, **8.** kvikmyndahús, **9.** farva, **11.** 2000, **12.** hroki, **14.** jurtaríki, **16.** ekki, **17.** stjórnarumdæmi, **18.** angan, **20.** skóli, **21.** útungun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sía, **3.** í röð, **4.** fax, **5.** auð, **7.** nískupúki, **10.** samræða, **13.** mælieining, **15.** þefja, **16.** trjátegund, **19.** skóli.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** máսt, **6.** án, **8.** bíó, **9.** lit, **11.** mm, **12.** dramb, **14.** flóra, **16.** ei, **17.** lén, **18.** ilm, **20.** fg, **21.** klak.
**LÓÐRÉTT: 1.** sáld, **3.** áb, **4.** símbréf, **5.** tóm, **7.** nirfill, **10.** tal, **13.** mól, **15.** anga, **16.** eik, **19.** ma.








**LANGAR AFTUR ÚT** Arnar segir það auðvelt að búa í Peking. Hann eyddi ári eftir menntaskóla í Kína, meðal annars við að kenna hermönnum ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ARNAR ÁGÚSTSSON: FÓR ÓVENJULEGAR LEIÐIR EFTIR MENNTASKÓLA

# Kenndi hermönnum í Kína

„Ég nennti ekki í skóla þannig að ég ákvað að finna mér eitthvað að gera. Ég eyddi meira og minna öllu sumrinu í að leita. Svo einhvern veginn datt ég inn á þetta,“ segir Arnar Ágústsson verkfræðinemi. Hann eyddi ári eftir menntaskóla í Kína við að kenna hermönnum ensku. Leiðin inn í landið lá í gegnum skóla sem hann skráði sig í og var honum bakhjarl meðan á dvölinni stóð.

Tvítugur íslenskur strákur að kenna ensku í Kína, finnst honum það ekkert undarlegt? „Jú. Ég hef oft hugsað að þetta er líklega það heimskulegasta sem ég hef gert, að fara af stað yfir hálfan hnöttinn upp á von og óvon að fólk sem ég kynntist á internetinu sé til í alvörunni. Þetta er ekkert alltof gáfulegt, en algjörlega þess virði.“

Eftir mánuð í skólanum fór ævintýrið af stað. „Ég fékk númer hjá yfirmanni í einverjum skólanum. Hann sagði mér að hitta sig. Akkúrat þann dag vantaði hvítan, ljóshærðan Evrópubúa. Það hentaði mér ágætlega. Strax vikuna eftir var ég sendur á Kínamúrinn og var að vinna við það í mánuð að kenna verkfræðideild úr kínverska hernum.“ Eftir áramót tók hann svo að sér einkakennslu, þýðingar fyrir Nokia og fleira, auk þess að ferðast um Kína og Víetnam.

Hvernig komu kínversku hermennirnir honum fyrir sjónir? „Ágætlega. Þeir voru nú ósköp veiklulegir. Þeir voru ekkert eins stórir og miklir og maður myndi halda að hermenn ættu að vera. En þetta var verkfræðideildin þannig að þeir eru ekki beint í bardögum eða svoleiðis.“ Hann segir þá ekki ástæðu þess að hann sótti um verkfræði í háskólanum. „En það hafði engin letjandi áhrif.“

Arnar langar aftur út. „Það er svo auðvelt að búa þarna, í raun tíu sinnum auðveldara en mig hefði nokkru sinni grunað.“ kbs@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Frétt blaðsins af skærum **Jóhanns G. Jóhannssonar** og Bylgjunnar, vegna nýs lags sem Bylgjumenn hafa ekki tekið til reglulegrar spilunar, vakti mikla athygli, ekki síst meðal íslenskra tónlistarmanna. Þannig munu félagarnir úr Vogunum, þeir **Þorvaldur Davíð** og Sólmundur Hólm hafa hugleitt hvort þeir gætu komið til bjargar með að bjóðast til þess að draga sitt lag, „Sumarsögu”, af playlista Bylgjunnar til að rýma til fyrir gamla meistaranum.



Athafnamennirnir Logi Geirsson og **Björgvin Páll Gústavsson** eru harðákveðnir í að gera Silverhárgelið sitt að því vinsælasta á landinu. Eftirmyndir af handboltahetjunum auglýsa gelið í matvörubúðum og öflug markaðssetning er í gangi meðal frægra fólksins á Íslandi.



Nú hafa þeir Björgvin og Logi sett myndband frá kynningarpartíinu ógurlega inn á heimasíðuna, thesilver.is. Ragnar Ísleifur Bragason, ljóðskáld með meiru, er kynnir og spyrill í myndbandinu og tekur hann ekki ólíkara fólk en **Gillzenegger** og Dolla Erlingsson íþróttafréttamann tali. Og svo eru þarna auðvitað steríótýpur; handboltamaður með úttroðna efri vör af tóbaki og Björn Blöndal stjörnuljósmyndari svo eitthvað sé nefnt.



-jbg, hdm






# Vanþekking er rót vandans

„Það eru yfirleitt vanir hundaeigendur sem taka að sér þá hunda sem hafa fengið slæmt uppeldi, en það er oftast raunin með „erfiðu“ hundana. Við viljum ekki að hundarnir fari til hvers sem er, heldur viljum við bíða eftir réttum aðila,“ segir Valgerður Valgeirsdóttir hjá Dýrahjálp, samtökum sem leitast við að finna ný heimili fyrir dýr í heimilisleit. Valgerður segir það vitleysu að ekki sé hægt að kenna gömlum hundi að sitja. „Það er algjör vitleysa. Það þarf bara hvatningu og réttar lausnir og þá er hægt að gera kraftaverk. Yfirleitt er vanþekking eigendanna rót vandans,“ segir Valgerður og tekur fram að nýjum eigendum standi til boða aðstoð hundaþjálfara, sé þess þörf.

Aðspurð segist Valgerður ekki þekkja forsögu allra hundanna því Dýrahjálp fái einnig til sín hunda frá dýralæknastofum. „Stundum koma hingað hundar sem átti að svæfa og við vitum lítið um forsögu þeirra. Við reynum samt að verða okkur úti um sem mestar upplýsingar um dýrin svo hægt sé að finna nýtt heimili sem hæfir þeim. En það er nú líka þannig að fæstir mundu viðurkenna illa meðferð á dýrum.“

Í dag bíða tólf hundar og um áttatíu kettir eftir nýju heimili. Áhugasamir geta skoðað dýrin á vefsíðu samtakanna www.dyrahjalp.is. - sm



**GÓÐ FÓSTRA** Guðbjörg Kristín er fósturforeldri á vegum Dýrahjálpar. Hundurinn Skuggi dvelur hjá henni þar til hann finnur nýtt heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


heima
30%
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
ÚTSALAN HEFST Í DAG
30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
Öndvegi
30%
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
mood
30%
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**







**BAKÞANKAR**


Páls Baldvins Baldvinssonar




## Feysknar stoðir

Ég var búinn að hafa auga á gamla bílskúrnum í nokkurn tíma: þekkti orðið ferska fýluna í honum eftir næturregn sem smeygði sér hljóðlega niður um naglana á þakinu, lagðist með þaksperrunum og settist um kyrrt í steinullinni. Hann var að vísu söguleg bygging, reis hér í hverfinu í óþökk nágranna sem flestir eru horfnir á bílskúrslausar gresjur guðdómsins þar sem einkabíllinn er ekki fararskjóti heldur heilagur andi eins og prestarnir lofa vikulega í jarðarfararræðum sínum: eilíft líf!

**ÞAÐ** þurfti ekki mikið til að koma skúrræflinum upp: Lagnasambandið gamla, sem rafvirkjameistarar ráku á þeim tíma þegar cartel voru starfandi í landinu fyrir opnum tjöldum, fékk þáverandi borgarstjóra til að gefa út sérstakt leyfi til að byggja hann og ekki verri maður en Kjartan Sveinsson hannaði gripinn. Þeir sviku reyndar borgina um að fylgja brunavarnareglum þegar til kom. Og skúrinn hefur síðan þjónað íbúum hér á Hólatorgi og er uppspretta merkilegra sagna þegar réttir menn mæta í bjóðið. Eru ekki allar byggingar sögustaðir ef sögufróðir koma saman?

**ÞAÐ** er gaman að rífa illa byggð hús: hér koma saman tvennir tíma og reynslan er ólygin hvar menn hefur feilað. Öll klæðningin er sönnun um áratuga leka, svartmyglaðar sperrur nudda stírur úr augunum þegar vindpappi og rakamett steinull koma í ljós sem eru tveim áratugum yngri en sperrurnar. Ekkert af þessu þolir dagsins ljós. Og frágangur og festingar benda til þess að rassgatið og tærnar hafi verið dyggustu ráðgjafar við smíði og síðari tíma bætur.

**OG** hvað er betra en að taka til í geymslunni? Finna gömul húsgögn sem eiga von á endurnýjun og viðgerðum: gamalt tekkborð frá sómahjónum frá sjötta áratugnum eignast nýtt heimili. Einn af setustólum frá Stálhúsgögnum frá fjórða áratugnum er á leið í bólstrun til vandaðra manna. Notað verður nýtt sem nýtt. Framhaldslíf í efnisheiminum er möguleiki. Jafnvel yngri rúlluskautar sem fyrir fáum árum þutu um Garðabæ finna nýja fætur og brattan hug. Í gamlan Ford-bílakassa frá þriðja áratugnum, sem hefur í áratugi geymt gömul skautajárn frá fólkinu sem byggði húsið, hópast nú yngri skautar þess fullvissir að þeir fái um síðir nýja hlaupara. Og uppruni þeirra kallast á við nútímann sem fylgdi: ferming og gifting, trúleysi og skilnaður. Allt er nýtt í sólinni.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 4. ágúst 2009, 216. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.44 | 13.34 | 22.21 |
| Akureyri | 4.13 | 13.19 | 22.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Létt, geggjuð fartölva

Lítil og flott LG fartölva með innbyggðu 3G netkorti
– þú ferð á netið hvar og hvenær sem er á 3G netinu!



LG X120 fartölva
· Þyngd: 1,34 kg
· Ending rafhlöðu: allt að 4 klst. (í 3G notkun)
· 160 GB harður diskur
· 1024 MB vinnsluminni
· 10.1"skjár
· 1,3 megapixla vefmyndavél með hljóðnema

Verð aðeins:
79.900 kr.*

*Gegn 6 mánaða bindingu í 3G netlyklaáskrift 2 eða 3.
Fullt verð án bindingar: 109.900 kr.
Símalán og léttgreiðslur í allt að 12 mánuði í boði.

3G ÁSKRIFTARLEIÐIR

NETLYKILL 2
· Allt að 3 Mbit hraði á sek.
· 7 GB gagnamagn innifalið
· 2 kr. fyrir umfram MB
Verð 2.990 kr. á mán.

NETLYKILL 3
· Allt að 5 Mbit hraði á sek.
· 15 GB gagnamagn innifalið
· 2 kr. fyrir umfram MB
Verð 4.990 kr. á mán.

ENNEMM / SÍA / NM38682

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn